⁴ Almindelige fejl i oversættelse fra de nordiske sprog er at oversætte på den måde at tingene "ligger" de forskellige steder. Det er ikke noget underligt ved den vending på dansk men på islandsk så "er" tingene et eller andet sted. Noget "er" f.eks. under sofaen.

⁵ På islandsk ville det lyde underligt at sige "han er á bar" og derfor tilføjer jeg "einhverjum".

⁶ Her synes jeg det fungerer bedre at sige "bak við hana" i stedet for kun at sige "bak við".

- Hugsa sér, ég tók jógapokann minn með í búðina, sagði hún.
Hún stóð kyrr. Hún dró sængina yfir fætur hans⁸. Þeir voru kaldir og skrítnir viðkomu.⁹
– Kim, sagði hún, en það var ekkert líf í honum lengur, hann andaði ekki.

2

En fyrst var nóvember og það rigndi.

Það rigndi og rigndi. Það var laugardagsmorgunn.

– Þetta er nú meiri fjandans rigningin¹⁰, sagði hún.

Hún stóð við eldhúsgluggann í baðslopp. Kim var hafði farið í bakaríð¹¹, hann saug upp í nefið frammi í forstofu. Svo kom hann inn og lagði eitthvað þungt á borðið fyrir aftan hana.

– Ég bara skil ekki hvaðan allt þetta vatn kemur, sagði hún.

Hún snéri sér að honum. Hann tók rúnnstykkin upp úr blautum pokanum. Það var múrsteinn á eldhúsbordinu.

– Hvað er þetta? sagði hún.

– Þetta er múrsteinn, sagði hann. – Við getum notað hann sem hurðarstoppara á sumrin.

– Hvar var hann?

– Úti á götu. Hann hefur líklega dottið af einhverjum¹² farmi.

– Aftan af vagni þá?

– Já, já, eins og þú vilt. Fáum okkur kaffisopa.¹³

Þau fengu sér sæti. Susanne tók múrsteininn upp og setti hann aftur niður.

– Djöfull er hann þungur, sagði hún.¹⁴

Þau drukku kaffi og borðuðu rúnnstykki.

– Hvernig stendur á því að þú ert farin að blóta svona mikið? sagði hann.

– Geri ég það? Nei ég geri það ekkert, sagði hún.¹⁵

⁷ I stedet for at oversætte direkte og skrive "bak við þetta hljóð", som virker unaturligt på islandsk, bruger jeg "lengra í burtu" (længere væk).

⁸ Her udelader jeg "niður" fordi det ville næsten være den samme betydning to gange, dvs. "ned" og "over". "Yfir" er nok her.

⁹ Her fungerer ikke at bruge den rigtige betydning af "forkerte" - "vitlausir/rangir" så i stedet skrev jeg at fødderne var "skrítna viðkomu" dvs. "underlige at røre" og tilføjer dermed ordet "røre". Det at fødderne er kolde tilkendegiver at hun har rørt dem og derfor mener jeg det er i orden at tilføje ordet.

¹⁰ På islandsk taler man ikke om "rigningarveður" (regnvæjr) men man taler bare om "rigning".

¹¹ Man taler ikke om "morgenbrød" - "morgunbrauð" på islandsk og derfor valgte jeg at "sende" ham til bageren.

¹² Her passer det bedre at tilføje "einhverjum" fordi man på islandsk ikke har den bestemte form som på dansk.

¹³ Her er der allerede et lille fjendskab i replikken og "kald det hvad du vil" bliver til "eins og þú vilt" (ligesom du vil).

"Noget kaffe" laver jeg om til "en kaffeslurk" som man ikke kan kalde det på dansk, men som man almindeligvis gør på islandsk.

¹⁴ Her oversætter jeg "sgu" som "djöfull" for at få det til at passe med det som kommer bagefter, mht. bandeord. På islandsk har vi ikke et tilsvarende bandeord som kan indsættest i nærmest alle sætninger. Det islandske "sko" er nemlig ikke et bandeord i islandsk sprogbrug. Det bruges henholdsvis til at lægge tryk på noget, ligesom i dansk, som anerkendelse, for at gøre opmærksom på noget og som tøven – en slags gambit eller udfyldningsord (Snara vefbókasafn – www.snara.is).

Hún lagði kaffibollann¹⁶ ofan á múrsteininn. Hún leit á bollann. Hún setti bollann aftur á borðið.

– Það hljómar skringilega þegar þú blótar, sagði hann. – Þú kannt ekki að blóta rétt.

– Ég blóta nú örugglega bara eins og fólk blótar.

– Nei.

– Jæja.¹⁷

Nú dundi regnið á rúðunum. Það var varla hægt að heyra í umferðinni við umferðarljósinn.

– Ég þarf sko¹⁸ að nota regnhlífina í dag, sagði hún.

– Þú getur bara tekið hana. Hún er inní skáp.

– Ég fann hana ekki í gær.

– Hún er í neðstu hillunni.¹⁹

Hann stóð upp með mylsnu á peysunni og sótti regnhlífina. Hann setti hana á borðið fyrir framan

hana:

Hérna. – Hér er hún. Góða ferð.²⁰

Hún hallaði sér aftur í stólnum. Hún leit niður á borðið. Leit út. Regnhlíf og múrsteinn, það erum við í hnotskurn, hugsaði hún.

3

Hún ætlaði að hitta Ester í verslunarmiðstöðinni. Hún hafði sett regnhlífina á gólfíð, undir sætið. Við hliðina á stígvélunum hennar hafði myndast lífill vatnspollur. Í hvert skipti sem lestin²¹ hemlaði, færðist pollurinn til.²²

Stígvélin voru ný. Þau þrengdu að.²³ Hún var að ganga þau til. Þetta voru svört leðurstígvél. Rendur höfðu þegar myndast í kringum ökkilana og á tánum. Það var út af rigningunni. Hún spýtti á vísifingurinn og nuddaði með honum annað stígvélið.

¹⁵ Her laver jeg lidt om i overensstemmelse med islandsk sprogbrug. I stedet for "er jeg det" bruger jeg "geri ég það" (gør jeg det).

¹⁶ Her får "sin" ikke lov at komme med i oversættelsen. Hun satte koppen, men ikke "sin kop". Det lyder bedre på islandsk.

¹⁷ Her bruger jeg "jæja" for "ná" eller "nú". Det kan være lidt vanskeligt at finde en passende oversættelse af "ná", der er mange ord på islandsk, der kan komme i stedet for det danske "ná".

¹⁸ Her tilføjer jeg et "sko". På islandsk tyder det på en mere irritation end hvis jeg ikke havde brugt "sko". Derfor er det bedre i overensstemmelse med teksten, irritation i replikkerne.

¹⁹ Her kommer igen eksemplet med forskel mellem dansk og islandsk; noget "ligger" et sted på dansk og noget "er" et sted på islandsk. Jeg tilføjer bestemt artikel "í neðstu hillunni" i stedet for "í neðstu hillu". Det lyder mere rigtigt at bruge den bestemte artikel her.

²⁰ Her er der ironi i replikken. Kim ønsker hende faktisk ikke en god tur. Han er lige kommet ind fra det dårlige vejr og siger "god tur" med ironisk tone kunne man forestille sig. Da man normalt ikke siger "góða ferð" (god tur) under disse omstændigheder på islandsk vil jeg bruge det i håb om at læserne opfatter ironien i det. Det kan være svært at få ironien frem og nogle gange kan man få den frem vha. gåseøjne selvom det næppe er en god løsning.

²¹ "S-tog" oversætter jeg blot som "lest" (tog), fordi jeg mener ikke det har nogen betydning for islandske læsere om der er tale om et s-tog eller et andet slags tog, for der sikkert er mange der ikke kender forskel på de forskellige tog.

²² "Færðist pollurinn til" i stedet for "færði pollurinn sig" fordi det fungerer ikke på islandsk. En vandpyt kan ikke selv flytte sig på islandsk, der er noget andet der gør at den flyttes.

²³ Jeg bruger "þrengdu að" (strammede) fordi man næsten ikke kan sige andet på islandsk; "nudduðust" giver f.eks. ikke helt den rigtige betydning.

Á móti sat kona. Hún saug á sér varirnar.²⁴ Konan horfði stöðugt á hana. Susanne horfði ekki á konuna. Hún horfði til skiptis niður á stígvélin sín²⁵ og á ákveðinn stað bak við konuna. Konan var í köflóttri peysu. Hún hallaði sér að Susanne.

– Þú nærð þessu af með mjólk, sagði hún.

– Mhmm²⁶ sagði Susanne.

– Þú þarft bara að nudda með smá bómullarhnoðra sem þú hefur dýft í mjólk. Þá nærðu þessu af. Konan hallaði sér alveg að henni. Susanne fann lyktina út úr henni. Kæfulykt.²⁷

– Eru þau ný? sagði konan.²⁸

– Neeihh.

– Nú. Þau líta út fyrir að vera það.

Svo kom maður inn í vagninn til að athuga miðana. Konan átti mánaðarkort, sem hún með útréttri hendi beindi upp í loftið. Þannig sat hún áfram þrátt fyrir að eftirlitsmaðurinn hefði kinkað kolli til hennar og væri farinn fram hjá.

– Ætlarðu að fara að versla? sagði hún og brosti til Susanne.

– Nei. Það ætla ég ekki að gera.

– Ég er að fara að hitta son minn og tengdadóttur, sagði konan. – Heima hjá foreldrum hennar.

Sonur minn og konan hans búa nefnilega í Ameríku²⁹, get ég sagt þér. En núna eru þau í fríi og gista hjá foreldrum hennar.³⁰ Svo þau buðu mér að koma, það var nú sætt af þeim. Ég hef líka heimsótt þau til Ameríku. Það var stórkostleg upplifun. Þau búa í Texas.

Hún bar það fram *Texas*.

– Sonur minn vinnur við mjólkurframleiðslu. Nú veltir þú eflaust fyrir þér hvort það séu nokkuð til mjólkurbú í Texas?

Susanne sagði ekkert.

– Ameríka er náttúrulega þekktust fyrir stóru nautasteikurnar. Hugsa sér, þau fóru með mig³¹ á veitingastað, og það einn af þeim bestu í öllu ríkinu.³² Svo gat maður fengið allt að tólfhundrað gramma steik. Hvað finnst þér um það?³³ En ég fékk nú bara eina uppá tvöhundrað og fimmtíu grömm. Sonur minn fékk sér áttahundrað gramma steik. Úff, sú var stór. En hann hefur nú alltaf verið svo hrifinn af kjöti. Þau eiga

²⁴ Her deler jeg en sætning i to. Det lyder ikke godt i én sætning: "Á móti sat kona og saug á sér varirnar".

²⁵ Jeg tilføjer "niður", idet jeg synes det passer bedre at have det med.

²⁶ Her indsætter jeg "Mhmm" i stedet for "ná" og tilføjer spørgsmålstegn. Grunden til dette er at ved at Susanne siger "ná" udtrykker hun, at hun egentlig er ret ligeglad med det som konen siger. Jeg kunne have brugt "nú jæja", men det udtrykker evt. interesse hos Susanne, så det fungerer ikke i sammenhængen.

²⁷ På islandsk taler man ikke om "ånden" men om lugten fra ens mund. Derfor er det ikke muligt at tale om at ånden lugtede af leverpostej. Jeg skriver derfor at "hun kunne lugte 'lugten' fra hendes mund" og skriver så "leverpostejslugt".

²⁸ Her ville jeg mene det var mere normalt at skrive "spurði konan" idet det kommer lige efter et spørgsmål, men det er nok bevidst forfatteren skriver sådan, fordi nogle steder skriver hun "spurði hún" og andre steder "sagði hún" selvom der i begge tilfælde er tale om et spørgsmål lige inden.

²⁹ Her udelader jeg "til dagligt". Grunden til dette er at det lyder forkert på islandsk at tale om at bo et eller andet sted til dagligt. Folk bor der hvor de bor og tager de andre steder henne er de på besøg.

³⁰ På islandsk taler man ikke om at "holde" fri, men at "have" fri eller "vera í fríi". Derfor bliver min oversættelse: "í fríi og gista hjá foreldrum hennar" i stedet for "að halda frí hjá foreldrum hennar".

³¹ Her bruger jeg den mere islandske formulering: "fóru með mig" i stedet for "tóku mig með á".

³² Her formoder jeg at der er tale om i delstaten Texas, men ikke i hele landet.

³³ Jeg bruger "hvað finnst þér um það" men kunne også bruge "toppaðu þetta". Her er det lidt højrovet, kvinden synes det er meget flot men Susanne synes ikke helt det samme.

náttúrulega engin börn, það er þeirra mesta ólán. Þú veist vel að gleði og sorg haldast í hendur eins og maður segir. Ekki satt. Það veistu vel. Er það ekki? En þau hafa það gott. Þau kvarta aldrei. Þá myndu þau nú líka vera hálfgerðir aumingjar.

Hún klemmdi saman vörnum og kinkaði kolli.³⁴

– Hann er með meira en milljón á ári, hvíslaði hún. – Þá meina ég, *million dollars*³⁵. Það var nánast hann sem fann upp mínarinið.³⁶

Hún bar það fram *dollas*.

– Er það ekki mjög gömul uppfinning? sagði Susanne.

– Ég er þögul sem gröfin³⁷, sagði konan. Hún brosti. Hún setti mánaðarkortið varlega niður í töskuna sína og spennti greipar í skauti sér.

– Þarna fékkstu eitthvað að hugsa um, sagði hún. Hún nikkaði í átt að stígvélunum.

– Mundu eftir þessu með mjólkina. Það er nokkuð sem ég veit fyrir víst.³⁸

4

Tveimur árum áður vann Susanne á spítalanum.

Til að byrja með sá hún um þrif. Hún átti að mæta klukkan sex. Þau skiptu um fót í kjallaraherberginu³⁹. Hún var ekki hrifin af því að vera í sokkabuxum innan undir sloppnum, en það var nauðsynlegt á köldum vetrarmánuðum. Þau gátu líka fengið ullartreyju úr skápnum.

Hún sótti hreingerningavagninn í herbergið við hliðina, athugaði hvað vantaði á vagninn og fyllti á hann. Það var frekar auðvelt að þekkja sinn vagn. Einhver utanaðkomandi hefði ekki getað séð mun á þeim. Í grunninn voru vagnarnir eins, en það var til dæmis mismunandi hvernig hver og einn⁴⁰ hengdi gúmmíhanskana á þá. Það var hægt að leggja þá yfir fötubrúnina eða á skaftið á annars vegar skúringamoppunni og hins vegar þurrmoppunni. Það var líka hægt að setja þá í körfuna á allan mögulegan máta.

Flestir snéru gúmmíhönskunum á röngunni. Það var eitt af því fyrsta sem hún hafði lært. Þetta var ákveðin tækni sem allir notuðu. Ef gúmmíhanski var orðinn blautur að innan, var honum snúið á rönguna til hálf, þannig að fingurnir væru ekki alveg viðsnúnir, hanskin klemmdur saman og haldið um úlnliðinn og honum sveiflað til og frá í loftinu þar til nógu mikið loft hafði komist inn í fingurna til að hanskin yrði alveg

³⁴ Þá íslensk virker den direkte oversættelse ikke: "snéri vörnum inn á við".

³⁵ Jeg besluttede mig for at indsætte "million dollars" på engelsk for at få det til at passe med det som kommer bagefter angående udtalelsen af dollars. På islandsk er dollars nemlig "dollarar" og det ville ikke give mening i forhold til hendes udtale af ordet.

³⁶ Minarin er medicin.

³⁷ Her bruger jeg et islandsk idiom i stedet for det danske: "min mund er lukket med syv segl".

³⁸ I den danske tekst står der "véd", som jeg forstår som en slags understregning af at hun virkelig véd det og har erfaring med det selv. Derfor vælger jeg at tilføje "fyrir víst" som tilkendegiver at hun har prøvet det selv og er 100% sikker på at det virker. Her mener jeg ikke der kan være tale om at tykket lægges på véd for at markere at der er tale om et verbum (og ikke en præposition), fordi i denne sammenhæng kunne man umuligt tage fejl og tro at der var tale om en præposition selvom der kun stod "ved".

³⁹ Jeg tilføjer bestemt artikel her fordi det passer bedre at tale om et bestemt kælderrum.

⁴⁰ Her bruger jeg "hver og einn" i stedet for „maður“ (man) fordi det lyder bedre på islandsk. På islandsk er brug af man "maður" ikke brugt i så høj grad som på dansk. Det kan godt fungere på islandsk, men mere i talesprog end skriftsprog.

úthverfur. Svo var hann hengdur til þerris á vagninum. Aðferðin var svo hin sama þegar nota átti hanskan aftur.⁴¹

Susanne þekkti vagninn sinn á gúmmihönskunum og dældaðri skúringafötunni. Þegar hún var nýbyrjuð⁴² hafði forstöðukonan⁴³ kvartað yfir þessari fötu. Þau höfðu átt að ryksuga sófann í setustofunni og forstöðukonan hafði líka tuðað eitthvað vegna þess að ryksugan var rykfallin. Síðan þá hugsaði Susanne undantekningarlaust um þetta þegar hún sá ryksugu.

Setustofan var auðveldust. Það var nánast aldrei neinn þar á morgnanna. Maður tæmdi öskubakkana, setti tímaritin á sinn stað, þurrkaði af borðum og stólum. Gerði setustofuna hreina og snyrtilega.

Svo voru það sjúkrastofurnar,⁴⁴ þær voru erfiðastar. Þarna lá manneskja og grét. Þarna kom hún með blautu tuskuna sína og moppuna með langa skaftinu. Hún átti að passa upp á að rekast ekki í vatnsglós og blómvendi svo þeir dyttu niður af náttborðunum. Hún mátti færa persónulega muni þeirra til, til að þurrka af. Inni á stofunum var lykt af efnablöndum og andfýlu. Sjúklingarnir virtu hana fyrir sér.

Klósettin og baðherbergin voru það versta. Hún var hrædd um að rekast á kjötstykki. Það kom til vegna þess að hún hafði einu sinni fundið kjötstykki⁴⁵ undir einum vaskinum.⁴⁶ Það hafði verið gulleitt og minnt á samanherptan enda á pulsu. Hún setti alltaf dágóðan slatta af sóttþreinsandi efni í klósettin og út um allt. Þá kom hreingerningalykt.⁴⁷ Það var oft blóð á gólfinu, en það hafði svo sem engin áhrif á hana, bara ef það var ekki of mikið af því.

Löngu gangarnir voru leiðinlegastir. Maður dró þurrmoppuna í eins konar láréttar áttur. Allir beittu moppunum eins. Hún reiknaði með að það væri til regla um hvernig ætti að beita þurrmoppunum. Af og til var rúmunum⁴⁸ ýtt út á gangana svo þau yrðu þrífín og það var það versta af öllu því maður tók ekki eftir rúmunum fyrr en maður var alveg að klára, eða hélt að maður væri búinn. Það þurfti að þvo og skrúbba rúmin. Maður átti það til að vera fljótþær og þrifa ekki nógu vel⁴⁹. Hjúkrunarkonur og lækna og annað starfsfólk gekk fram og til baka á göngunum og gjóuðu augunum niður á .

⁴¹ Dette afsnit har jeg omskrevet fuldstændig. I stedet for at forsøge en oversættelse fra dansk besluttede jeg mig for at formulere en forklaring af 'det der foregår' på islandsk. Fjernede også "man" her, som jeg også forsøger at gøre igennem hele oversættelsen.

⁴² I stedet for "da hun blev lært op" har jeg brugt "nýbyrjuð". På islandsk har man ikke et godt tilsvarende udtryk som "at blive lært op".

⁴³ Senere ser man at lederen er en kvindelig leder, derfor vælger jeg at bruge det islandske ord "forststöðukona" i stedet for "yfirmaður".

⁴⁴ Her er der tale om patienternes stuer. Her, den første gang de bliver nævnt bruger jeg ordet "sjúkrastofur" men de andre gange bruger jeg "stofurnar" (stuerne).

⁴⁵ I den danske tekst er der tale om at hun engang havde fundet "et" stykke kød, men på islandsk virker det forkert hvis man sætter en ubestemt artikel eller et et-tal foran. Selve ordet er bare i ental som tyder på at der er tale om et stykke men ikke flere.

⁴⁶ I den danske tekst er det her tydeligt at der er tale om en eller anden håndvask, men ikke nogen bestemt. I oversættelsen bruger jeg derfor "einum vaskinum" som betyder 'en af vaskene'.

⁴⁷ I originalteksten står der: "det lugtede rent". Det kan både betyde at der var blevet gjort rent og derfor lugtede rent, men det kan også betyde at siden det lugtede af rengøringsmidler kunne man tro at der var blevet gjort rent. Det er vanskeligt at oversætte til islandsk uden at tolke fordi vi ikke har det udtryk på islandsk. Derfor oversætter jeg det med "þá kom hreingerningalykt".

⁴⁸ Her synes jeg det passer bedre at bruge flertalsformen med bestemt artikel; "rúmunum".

⁴⁹ I stedet for at bruge den direkte oversættelse af at sjuske – "óvandvirkur" mener jeg det giver rigtigere betydning at bruge "fljótþær og þrifa ekki nógu vel".

Hún komst aldrei að því af hverju það kallaðist skolherbergi. Hún gerði ráð fyrir að það væri vegna þess að þarna væru bekkenin þvegin.

Einn daginn kom Ester fyrir tilviljun inn í skolherbergið á fæðingardeildinni og sá fylgju á vog. Hún vó fimm hundrað og fimmtíu grömm. Ester sagði frá fylgjinni þegar⁵⁰ þær sátu saman í smá pásu á svölunum á þriðju hæð.

Sólin skein, það skrífaði í fyrstu grænu laufblöðunum. Þær töluðu líka um einn sjúklinganna, gamlan mann að nafni Lungholm, sem oft sat og las inni í setustofunni. Ester hafði talað við hann. Hann hafði veifað henni að koma til sín þá um morguninn, kynnt sig sem rithöfund og heimtað að fá bolla af extra sterku kaffi.⁵¹ Ester hafði rifist við matráðskonuna á deildinni til að fá hana til að hella upp á kaffi; það hafði farið verulega langur tími í þetta rifildi.

– Þú veist ekki einu sinni hvort það er rétt að hann sé rithöfundur, hafði matráðskonan hrópað. Að lokum lét hún undan,⁵² en þegar kaffið var loksins runnið í gegn, svart og súrt lyktandi,⁵³ og Ester fór með það niður í setustofu, þá var Lungholm farinn inn að leggja sig. Hann hafði gleymt bókinni sinni á borðinu, og Ester hafði aðeins litið í hana. Hún hafði verið á þýsku.

Þegar Susanne fór aftur á sína deild, velti hún fyrir sér, hvort það gæti verið satt að Lungholm væri rithöfundur og hvort fylgja gæti vegið í kringum fimm hundrað og fimmtíu grömm. Um kvöldið fletti hún hvoru tveggja upp, og þetta passaði. Lungholm hafði skrifað mörg greinasöfn og eina skáldsögu fyrir mörgum áratugum. Samt sem áður vildi hún ekki reyna að ná sambandi við hann. Hún kærði sig ekki um að hann vildi fá sérmeðferð varðandi kaffið. Þar að auki skipti það heldur ekki máli hvað hún vildi eða vildi ekki. Morguninn eftir, þegar hún fór niður til að fara í pásu með Ester, var Lungholm dáinn og búið að fara með hann í kapelluna. Ester vissi ekki hvað hafði verið að honum.

Susanne fékk stöðuhækkun og var nú orðin matráðskona og átti ekki að mæta fyrr en hálf sjö.

Hún fór að mála sig aðeins meira. Þegar hún hafði skipt um föt í kjallaranum, stóð hún fyrir framan spegilinn og setti á sig varalit. Hún setti hann snögg og svipbrigðalaust á sig til að forðast athugasemdir frá hinum. Það var ekki ætlun hennar að virka sjálfumglöð. Það var bara ein önnur sem notaði varalit, en hún var aftur á móti alltof feit, svo það náði að vega upp á móti.

Nú var hún ábyrg fyrir matnum á heilli deild, að minnsta kosti fyrir því, að lokin af stálbökkunum væru tekin af, þegar þeir komu úr aðaleldhúsinu fyrir hádegismatinn. Hún skrifaði matseðilinn með olíutússi á töfluna fyrir utan eldhúsdyrnar. Klippi kartöflurnar út úr loftþéttum pakkningunum og skellti þeim í sjóðandi vatn. Það átti bara að hita þær. Hún bar rifsberjahlaupið fram í glerskálum þegar það var svikinn héri í matinn.⁵⁴ Allt var sett á matarvagninn. Matarvagninum ýtti hún svo út á ganginn. Tvær hjúkrunarkonur komu stökkvandi hvor úr sinni áttinni og gengu áfram með vagninn. Þær byrjuðu á innstu stofunni. Einn sjúklingur á mann. Susanne stóð í eldhúsdyrnunum og fylgdist með. Þær þeystust inn og út úr stofunum með matarbakka

⁵⁰ Jeg bruger "þegar" i stedet for „á meðan“ (mens) da det første fungerer bedre på islandsk.

⁵¹ Formuleringen "at fá ngt. serveret" bruger man ikke på islandsk og derfor har jeg taget det ud og kun brugt "að fá" (at fá).

⁵² "Bøje sig" betyder både "að gefa sig" og "að láta undan".

⁵³ På islandsk taler man normalt ikke om "súrt lyktandi" (surtlugtende) kaffe, snarere stærkt lugtende, men da man heller ikke plejer at tale om surt lugtende kaffe på dansk har jeg valgt ikke at lave om på det.

⁵⁴ Her tilføjer jeg "í matinn". Hvis det ikke er med fungerer sætningen ikke optimalt.

og tóm glöð sem átti að fylla á. Það heyrðust endalausir skellir þegar borðplöturnar á náttborðunum voru settar niður. Bestu sjúklingarnir tóku sjálfir matarbakkana sína með inn á setustofu og borðuðu þar.

Einu sinni var steikt lifur í hádegismatinn. Lifrin var á fati, í þykkum sneiðum. Þegar Ester kom upp til að fara í matarhlé, tók hún stærstu sneiðina af fatinu og vafði henni að hálfu inn í servíettu. Hún settist við borðið og borðaði. Hún færði servíettuna eftir því sem hún borðaði meira af lifrinni. Lifur með handfangi, hugsaði Susanne. Svo opnuðust dyrnar og í dyragættinni stóð hjúkrunarkona og bað um meiri lauk. Bak við hjúkrunarkonuna var náföllum⁵⁵ sjúklingi rúllað af stað. Sjúklingurinn leit inn og lyfti upp höndinni. Ester vinkaði á móti með lifrarsneiðinni.

Síðar komu þrjár aðrar hjúkrunarkonur inn í eldhúsið til að blanda djús. Susanne var að þrifa vaskinn. Ein þeirra, hávaxin kona, sem þær kölluðu Petersen, stillti sér upp með bakið að ísskápnum og lyfti upp sloppnum sínum. Hún var með tvö stór sár á hnjánum⁵⁶.

- Hvað er þetta? sagði ein þeirra.
- Ég var að skúra heima í gær, sagði Petersen.
- Hvað segirðu⁵⁷, ertu á hnjánum þegar þú skúrar? sagði hin.
- Annars verður gólfíð ekki nógu hreint⁵⁸, sagði Petersen.

Susanne hugsaði um allar moppurnar og þurmmoppurnar sem fylgdu⁵⁹ ræstingavögnunum á spítalanum og um ergónómíska⁶⁰ gólfskrúbbinn sem hún kunni ekki að stilla.⁶¹ Þegar hún var búin að vinna hugsaði hún um hnén á Petersen og aftur þegar hún fór niður til að skipta um föt, og þegar hún hjólaði yfir bílastæðið. Hún mundi ekki hvenær hún hafði skúrað síðast heima hjá sér. Í raun hafði hún kannski aldrei gert það.

Svo var önnur hjúkrunarkona sem hét Magrethe. Það hafði eitthvað gerst í hennar fortíð. Hún var mjög spengileg. Hjúkrunarkonurnar ræddu af og til inni í eldhúsinu, í hvað þær ætluðu að nýta frítímamann sinn. Magrethe hlustaði fremur en að tala.⁶² Svo snéri Petersen sér í áttina að henni.

- Hvað með þig? sagði hún. – Ætlar þú heim að sulta?
- Ég ætla að leggja mig í hádeginu, sagði Magrethe.
- Æ, mér finnst ekkert vit í því að sofa um miðjan dag, sagði ein hjúkrunarkonan.
- Það er rétt hjá þér, sagði Petersen.

⁵⁵ Det danske ord er "gusten" og den islandske betydning faktisk "gráfödur" men jeg vil hellere bruge "náfödur" i denne sammenhæng.

⁵⁶ På islandsk taler man ikke om "á miðjum hnjánum" (midt på knæerne) og derfor har jeg taget "miðjum" ud.

⁵⁷ "Nei" passer ikke ikke godt nok her så jeg bruger "hvað segirðu" i stedet.

⁵⁸ Her laver jeg lidt om, tilføjer "gólfíð" og bruger "nógu hreint" i stedet for "almennilega hreint".

⁵⁹ På islandsk har man ikke noget udtryk i stedet for "kørte rundt i vognene". Her bruger jeg derfor "fylgdu ræstingavögnunum" som betyder at de "hører til vognene".

⁶⁰ Her blev jeg nødt til at islandisere ordet ergonomisk. Dette ord findes ikke på islandsk til denne her sammenhæng og det ville være alt for langt at forklare i selve teksten. Derfor valgte jeg at tilpasse ordet islandsk grammatik. Jeg fandt også ud af at firmaet Marel har brugt ordet "ergónómískur".

⁶¹ Her har jeg udeladt "í skápnum". Det var svært at få det til at passe ind i sætningen på en tilfredsstillende måde. Det har ingen betydning for forståelsen at det ikke kommer med.

⁶² Her oversætter jeg ikke direkte, som ellers ville være "hlustaði meira en hún talaði".

- Það er nú frekar það að það er svo erfitt að vakna aftur, sagði önnur.
- Ég drekk alltaf lítra af vatni áður en ég legg mig, sagði Magrethe. – Þá vakna ég nefnilega eftir 45 mínútur og þarf að pissa.
- Er það? Það er sniðugt, sagði ein þeirra.⁶³
- En er það alveg öruggt? sagði Petersen, og Magrethe sagði svo vera.

Susanne spurði Ester hversu oft hún skúraði heima hjá sér.

- Það geri ég sko⁶⁴ aldrei, sagði Ester. – Það er teppi á gólfunum.⁶⁵
- Líka í eldhúsinu?
- Neeei. Þar er svona korkur.
- Þarf ekki að skúra hann?
- Það held ég ekki.
- En ef gólfíð verður skítugt?
- Það verður nú aldrei skítugt. Við eldum fjandakornið⁶⁶ aldrei.
- Æi já, alveg rétt.

Svona var útsýnið frá eldhúsinu: grasflötur og lítill birkilundur. Bílastæði. Gula byggingin bak við. Læknar og hjúkrunarfræðingar og annað starfsfólk á vappi í sloppum um hádegisbilið. Mötuneytið var alveg hinum megin við sjoppuna. Það voru margir fuglar á grasflötinni. Til dæmis þessir stóru svörtu sem spígspora. Hrafnar. Eða bláhragnar. Margir gráspörvar.

Hún sat við borðið og borðaði. Fjórar hálfar rúgbrauðsneiðar með kartöflum og lauk.⁶⁷ Kim smurði nestið handa henni.

5

Ester var líka boðið að verða matráðskona en hún vildi það ekki. Það var meiri fjölbreytni í að vinna á mismunandi deildum, fannst henni.

Einn morguninn átti hún að þrifa á stofu með smithættu. Þar inni lá ung stúlka. Ester fékk ekki að vita hvað var að stúlkunni. En hún átti að setja á sig maska⁶⁸ áður en hún rúllaði vagninum inn á stofuna. Það var dregið fyrir gluggann. Stúlkan var alveg falin undir sænginni. Á náttborðinu var appelsínflaska. Ekki var búið

⁶³ Jeg bruger "er það" i stedet for "gerirðu það" fordi det er mere islandsk. I samme linje tilføjer jeg "þeirra" dvs. "ein þeirra" men ikke kun „ein“ fordi sådan siger man ikke på islandsk.

⁶⁴ Her bruger jeg det islandske "sko" i stedet for "sgu" selvom det ikke er et bandeord på islandsk. Her er det Ester som taler og bandeordene er ikke ligeså vigtige som hvis det havde været Susanne som taler fordi Kim havde klaget over, hvor meget hun bander. "Sko" kan dog ikke fungere i stedet for "sgu" hver gang.

⁶⁵ I stedet for at skrive "við erum með gólfteppi", hvilket lyder meget dansk skriver jeg "það er teppi á gólfunum" (der er tæppe på gulvene).

⁶⁶ Her er der også brug af det danske "sgu", men jeg indsætter et islandsk bandeord "fjandakornið" i stedet.

⁶⁷ Her er det højst sandsynligt tale om fire halve rugbrødsskiver og det indsætter jeg i oversættelsen i stedet for kun at tale om „fjóra helminga“.

⁶⁸ Læknagríma – lægemaske.

að drekka neitt af henni. Ester hreyfði sig hægt og varlega. Hún þurrkaði af vaskinum. Hann var ónotaður. Það var heldur ekkert í ruslafötunni.

Ester varð hrædd um að stúlkan væri dáin. Það heyrðist ekki múkk inni á stofunni. Ekki heyrðist andardráttur, ekki nein hreyfing. Ester stóð örlítið frá rúminu. Hún hélt á þurrmoppunni í annarri höndinni. Hún sagðist hafa fundið hjartað í sér slá. Henni fannst næstum eins og hún gæti *heyrt* það. Hún lagði hina⁶⁹ höndina yfir brjóstkassann. Dró andann djúpt í gegnum maskann. Og aftur. Svo varð hún hrædd um að hún hefði andað sýktu lofti að sér niður í lungun. Hún vildi losa sig við loftið aftur. Hún blés frá sér. Tæmdi lungun algjörlega með stút á vörunum svo það heyrðist hljóð líkt og hún væri að hvæsa.

Svo varð hljótt inni á stofunni. Ester hreyfði sig ekki. Stúlkan í rúminu hreyfði sig ekki.

Ester flýtti sér að þurrmoppa inni á stofunni.

Hún henti hreina handklæðinu í óhreinatauskörfuna.

Setti nýjan bunka af pappírþurrkum í boxið.

Sá sjálfa sig með maska í speglinum.

Brá við þá sýn. Hún var sveitt.

Hún stóð kyrr. Hún fann svitadropa leka niður kinnina.⁷⁰

– Af hverju másarðu svona? spurði stúlkan í rúminu með djúpri röddu.

Ester var brugðið, hún herptist saman og gaf frá sér hávært hljóð. Svo reisti hún sig við.

– Mása? sagði Ester í gegnum maskann. Það hljómaði eins og hún væri að spila á greiðu.

– Ég mása ekkert.

Hún flýtti sér að vinda tuskuna og setja þurrmoppuna á sinn stað á vagninum. Hún dró vagninn út af stofunni og fór á klósettið. Þvoði hendur og handleggi vandlega og tók maskann af sér. Undir eyrunum sást far eftir hann.

– Þetta er nú meira helvítis skítastarfið sem maður er í, sagði Ester. Hún varð að fá sér einn kaffibolla til að hressa sig við⁷¹. Susanne var að ganga frá eftir morgunmatinn. Hún stóð með sveskjuskálina í höndinni.

– Viltu fá eina? sagði hún við Ester og rétti skálina í áttina til hennar.

– Nei. Þær eru nú of líkar því sem þær eiga að stuðla að.

Ester ætlaði aftur á móti að fá sér eina sígarettu. Það var allt í lagi að reykja í eldhúsinu hjá Susanne. En glugginn átti að vera opinn á meðan. Ester kveikti í sígarettunni, tók smók og beindi munninum í átt að opna glugganum. Svo blés hún frá sér. Svona sat hún í smá stund.

– Oj, hver andskotinn, sagði hún svo og hóstaði. – Ég andaði að mér munnfylli af frísku lofti.

Hún hló. Hún var með yfirbit en það fór henni ekkert illa. Hún hallaði sér aftur í stólnum.

– Í dag er léttsaltað nautakjöt með piparrót, sagði hún.

– En þú ætlar nú líklega að borða nestið þitt, ekki satt?

Susanne kinkaði kalli.

⁶⁹ Þá íslensk kan man ikke tale om at en hånd er "laus" (fri). Jeg bruger derfor formen "den ene hånd og den anden hånd".

⁷⁰ Þá íslensk taler man om "kinn" snarere end "hlið andlitsins".

⁷¹ Her mener jeg betydningen af "styrke sig på" simpelthen være "að hressa sig við", så det bruger jeg.

Ester tók sigarettuna af öskubakkanum og fékk sér smók.

– Stelpuasninn gerði mér sko bilt við, sagði hún og blés reyknum út um nefið. – Af hverju ertu alltaf með nesti með þér?

Susanne yppti öxlum:

– Bara af því að Kim útbýr það handa mér.

– Hefur hann ekkert betra að gera?⁷² Hvað gerir hann eiginlega?

– Hann skrifar.

– Nú nú, getur maður lifað af því? sagði Ester, en Susanne náði ekki að svara því Magrethe bankaði og hálf hvíslaði að þeim, að einn sjúklinganna langaði að fá eina rúgbrauðssneið í viðbót. Með engu. Þá stóð Ester upp og sagðist ætla að fara niður og segja Luffe frá stúlkunni sem hún hélt að væri dáin. En að hún ætlaði samt fyrst að skrifa matseðilinn á töfluna fyrir utan dyrnar. Væri það í lagi?

Luffe vann í aðaleldhúsinu. Susanne hafði aldrei komist að því hvað hann gerði þar. Hún hafði bara einu sinni séð aftan á hann niðri á bílastæðinu. Hann beið eftir Ester við bílinn.⁷³ Þau voru búin að vera gift í fjögur ár.

Luffe og Ester borðuðu allar sínar máltíðir á spítalanum. Luffe borðaði í aðaleldhúsinu og Ester stalst til að fá mat í eldhúsinu hjá Susanne. Starfsfólkið mátti í raun ekki borða af mat sjúklinganna. Það voru líka margir sem höfðu alls ekkert lyst á því. Hjúkrunarkonurnar skiptust á að koma með brauð á morgnanna. Ostabakkann fengu þær svo úr eldhúsinu. Það voru aðeins hjúkrunarkonurnar sem máttu fá sér af spítalaostinum. Í hádeginu fóru þær í mötuneytið. Læknarnir gerðu það víst líka. Susanne myndi ekki þekkja neinn þeirra í útliti.

6

Ester hafði tvisvar sinnum misst fóstur⁷⁴ og hversvegna var ekki vitað.

Þau langaði mjög til að eignast börn. Ester sagði frá því að það hefði verið þríhjól í fatahenginu hjá Luffe þegar þau kynntust. Hann hafði einhverntíman fundið það í ruslagámi⁷⁵ og geymt það alveg síðan. Það var mjög furðulegt. Heima hjá sér var Ester nefnilega með rugguhest í fataskápnum og það var svipuð saga að baki. Rugguhesturinn hafði flutt með henni átta sinnum.

– Það er út af einhverju svona sem maður veit að maður passar saman, sagði Ester.

Hún átti ekki í neinum erfiðleikum með að verða ólétt. Hún fékk líka öll einkenni óléttunnar, á háu stigi. Á hverjum morgni alveg frá fyrsta degi, var hún með morgunógleði og borðaði appelsínur og lifrarkæfu út í eitt. Hún þurfti að liggja með hátt undir fótunum og sofa í þrjá tíma um hádegisbilið eftir vinnu.

⁷² Jeg bruger "betra að gera" i stedet for „annað að gera“. Mener det har en stærkere betydning.

⁷³ Her er det lidt det samme som med det danske ord "ligge". Man bruger ikke "ligge" og "stå" på samme måde på islandsk og derfor udelader jeg "stóð"; hann stóð við bílinn og beið → hann beið við bílinn.

⁷⁴ På islandsk skelner man mellem at få en abort og at abortere ufrivilligt ved brug af forskellige ord. Når man aborterer ufrivilligt "mister man fostret" (missa fóstur), men hvis man får en abort hedder det at "fara í fóstureyðingu".

⁷⁵ Det er mere almindeligt at tale om "ruslagám" end bare "gám" på islandsk. Længere fremme i oversættelsen bruger jeg også "sorggámur".

Hún missti fóstrið á áttundu viku í bæði skiptin.

– Ég bara⁷⁶ næ ekki að halda því⁷⁷, sagði hún og leiðrétti sig strax:

– Eða náði.

Hún stóð við eldhúsborðið í sloppnum sínum með aðra höndina á borðinu og með sigarettu í hinni.

– En við höldum áfram að reyna. Ætli það takist ekki næst, sagði hún.

Næsta skipti var daginn eftir.

Ester kom í morgunkaffið hálf tíma seinna en hún var vön. Susanne hafði einmitt verið að velta fyrir sér, hvort Ester gæti verið veik þar sem hún var ekki mætt. En svo stóð hún allt í einu í dyrunum, hvít í framan og skælbrosandi. Hárið á henni var öðruvísi en vanalega. Hún beygði sig fram í dyragættinni.

– Ég er ólétt, hvíslaði hún.

Í fyrstu⁷⁸ hélt Susanne að hún væri að grínast. Ester stóð nefnilega í dyragættinni⁷⁹ og tosaði kinnarnar á sér út. En svo kom hún inn í eldhúsið og lokaði hurðinni varlega á eftir sér og nánast læddist að henni og settist niður. Hún setti hendurnar á lærin og rétti úr sér.

– Ég áttaði mig á því í gærkvöldi, sagði hún. – Örugglega⁸⁰ vegna þess að við höfðum verið að tala um það. Ég fór og keypti þungunarpróf rétt fyrir lokun og svo var það jákvætt. Luffe má ekki vita neitt strax.⁸¹

– Af hverju ekki? sagði Susanne.

Ester hristi hausinn.

– Ekki í þetta skiptið, sagði hún. – Þetta tekur svo á hann.

– Hvenær ætlarðu að segja honum þetta?

– Allavega ekki fyrr en eftir tólfstu viku.

– Þú getur ekkert haldið þessu leyndu svo lengi.

– Auðvitað get ég það.

– Er það ekki rangt?

– Neih. Þetta er bara hans vegna.

Fjórum dögum seinna hafði Ester sagt Luffe frá óléttunni.

– Auðvitað gat ég ekkert þagað, sagði hún. – Það var nú vegna þess að ég hugsaði um það ef eitthvað kæmi uppá. Þá væri slæmt ef hann vissi ekki af þessu.

Hún hafði farið úr hvítu klossunum og labbaði nú um berfætt í eldhúsinu. Susanne sat í sínu sæti og fékk sér eitt mjólkurglas. Það hafði snjóað örlítið en snjórinn var næstum horfinn aftur. Hitastigið var rétt fyrir ofan frostmark, þetta var í lok október í fyrra.

⁷⁶ Som jeg har nævnt før findes der ikke et enkelt bandeord der kan erstatte det danske "sgu". Det kommer an på konteksten. På dansk bliver "sgu" dog almindeligvis også brugt for at lægge tryk på noget.

⁷⁷ Her bruger jeg ental i stedet for flertal, fordi det ikke fungerer godt at bruge flertal på islandsk.

⁷⁸ Det kan være svært at finde en islandsk pendant til det danske ord "umiddelbart", her mener jeg det passer at bruge "i fyrstu".

⁷⁹ Jeg tilføjer "i dyragættinni" for at "stóð" (stod) ikke skal stå alene og dermed gøre sætningen unaturlig på islandsk.

⁸⁰ Det danske ord "sikkert" udtrykker ligesom det islandske ord "örugglega" ikke nogen skråsikkerhed, men mere at noget forholder sig sandsynligvis på en eller anden måde.

⁸¹ Her vælger jeg at bruge det islandske ord "strax" i stedet for "endnu". "Enn sem komið er" kunne gå, men det fungerer til gengæld ikke lige så godt i talesprog som "strax".

– Hann tók náttúrulega líka eftir því að ég fékk mér kríu á hverjum degi eftir vinnu, sagði Ester.

– Mér finnst gott að þú hafir sagt honum þetta, sagði Susanne. – Varð hann ekki glaður?

– Jú, þú getur rétt ímyndað þér.

Ester settist á móti Susanne. Hvítu klossarnir voru úti á miðju gólfi, innskeifir.

– Hann varð líka áhyggjufullur. Hann vill helst að ég taki veikindafrí.

– Hvers vegna?

– Hann heldur að það sé best fyrir mig að liggja bara kyrr.

– Nú já.

– En það er ekki rétt. Ég talaði um það við lækinn síðast. Það breytir engu þó ég vinni.

Ester gramsaði eftir sígarettum í vasanum og kveikti á einni.

– Ég ætla sko ekki að hætta að reykja fyrr en eftir tólftu viku, sagði hún. – Ég hef alls ekki taugar í að hætta núna.

– Eðlilega ekki. Viltu kaffi?

– Nei, oj bara.

Ester hætt að reykja strax í tíundu viku og Luffe fór að sýna sig á deildinni af og til. Hann og Ester stóðu yfir hreingerningurvagninum fyrir framan skolherbergið og hvísluðust á. Það var enginn sem vissi að þau ættu von á barni. Svona opinberlega vissi Susanne það ekki heldur. Hún þurfti að fara í skolherbergið til að ná í sprittflösku og kinkaði kolli til þeirra.

– Daginn, sagði hún. Á jósku. Þrátt fyrir að hún hefði aldrei verið á Jótlandi.

– Daginn, sagði Ester.⁸²

Luffe sagði ekkert. Hann var með aðra höndina í vasanum. Susanne sótti sprittflöskuna og las á miðann alla leið aftur í eldhúsið.

Hún var að sóttþreinsa flísarnar fyrir ofan eldhúsbörðið þegar Ester kom inn til hennar.

– Nú fara þeir aldeilis yfir strikið, sagði Ester og settist.

– Hvernig þá?

– Nú ætlast þeir til að við þrífum rúm niðri í kjallara þegar tími gefst til.

– Ó nei, sagði Susanne.

– Ó jú, sagði Ester. – Luffe var að heyra það.

Hún fann teygju í gluggakistunni. Hún teygði hana milli þumalputta og vísingurs og spilaði á hana.

Hún hélt græjunni upp að eyranu og hlustaði.

– Það kemur tónn, sagði hún.

Svo slengdi hún teygjunni á borðið.

–Ég verð að fá smá rúgbrauð í hádeginu, sagði hún. – Það er soðinn þorskur í dag. Oj bara.

– Þú bara færð þér, sagði Susanne.

Hún þurrkaði hverja einustu flís gaumgæfilega. Tuskan tók engan lit.

⁸² Da man ingen deciderede dialekter har i Island har dette ingen perfekt løsning. Jeg oversætter derfor direkte.

– Það er rosalega mikið að gera hjá Luffe heima við, sagði Ester. – Hann er að gera upp gamla kommóðu. Við ætlum að nota hana fyrir barnaföt. Hún er einn og hálfur metri á hæð.

– Það er aldeilis.

– Og ef eitthvað fer úrskeiðis, þá getum við alltaf notað hana undir handklæði. Hann er alveg eldklár við svona lagað.

– Það hlýtur að vera gott.

– Maður er nú heppinn með svona gæja.

– Það er ekki hægt að segja annað, sagði Susanne.

Það var ekki hægt að lýsa því hvernig Luffe leit út. Það væri erfitt að sjá það fyrir sér. Dag einn stakk Magrethe nefinu inn í eldhúsið.⁸³

– Þessi vinkona þín sem er í þrifunum, sagði hún.

– Vinkona og ekki vinkona⁸⁴, sagði Susanne og sá strax eftir því að hafa orðað þetta svona.

– Vinnur maðurinn hennar niðri í aðaleldhúsinu?

– Já.

– Hvernig lítur hann út?

Susanne hugsaði sig um.

– Það er erfitt að útskýra, sagði hún.

– Er hann frekar stuttur? sagði Magrethe. En svo gekk læknir framhjá og hann varð hún að tala við.

Þegar Ester var komin á þrettánda viku lét hún vita á skrifstofunni. Bráðabirgðadagsetningar voru settar varðandi fæðingarorlofið. Ester var alltaf með dagatal í vasanum. Henni leið vel.

– Mér líður bara helvíti vel, sagði hún.

– Það lítur ekki út fyrir annað, sagði Susanne.

Það sá ekkert á henni ennþá. Magi Esterar var sléttur eins og venjulega. En hún var farin að ýta hreingerningarmagninum á undan sér með annarri hendinni. Með hinni hendinni studdi hún við mjóbakið. Hún var komin í nýja sandala og hún var hætt að ganga í sokkabuxum.

– Maður er algjör ofn, sagði Ester.

Það var í desember í fyrra sem þær sátu í eldhúsinu og borðuðu piparkökur og vanilluhringi, sem Susanne hafði tekið með sér í plastboxi. Kim hafði verið að baka. Það voru fimm dagar í aðfangadagskvöld og fríð hennar Susanne átti að byrja seinna um eftirmiðdaginn. Ester átti að vinna öll jólin. Í staðinn fékk hún frí fyrstu tvær vikurnar í janúar.

– Hver var að baka? Þær eru góðar, sagði Ester og strauk á sér magann.

Hún kíkti í gegnum gatið á einum vanilluhringnum.

– Við bökuðum svona eiginlega bara í sameiningu, sagði Susanne.

⁸³ Þá íslensk talar man om at “stikke næsen ind” hvorimod man på dansk “stikker hovedet ind”.

⁸⁴ Þá dansk siger man “veninde og veninde” men for at få det samme resultat på íslensk siger man “vinkona og ekki vinkona”.

Ester kinkaði kolli.

– Þá tek ég mér tvær strax, sagði hún.

Hún hallaði höfðinu aftur og hló dátt. Axlirnar hristust. Hún þurrkaði sér um augun.

– Je minn, maður er nú bara ekki með sjálfum sér, sagði hún og beit í aðra smáköku.

Ester missti fóstrið annan í jólum.

Það var Petersen sem sagði Susanne frá því eftir jólafríð. Petersen hafði komið inn í eldhúsið til að skoða matseðilinn. Gleraugun hennar voru á nefbroddinum á meðan hún las.

– Steikt flesk og ris a l'amande, sagði hún. – Það var nú meiri hryllingurinn.

– Nú, hvers vegna? sagði Susanne.

Petersen leit á hana yfir gleraugun.

– Það borðar ekki nokkur manneskja með viti⁸⁵ ris a l'amande þriðja janúar.

– Já, nei.

Susanne var að þvo kaffikönnuna undir rennandi vatni. Það var erfitt að ná öllu þessu svarta af.

– Og svo á morgun: Rósaberjasúpa og medisterpalsa. Þetta versnar og versnar. Þú getur lagt hana í edik.

Petersen benti nokkrum sinnum á kaffikönnuna á meðan hún var enn að skoða matseðilinn.

– Það var leitt með vinkonu þína, sagði hún.

– Ester? sagði Susanne.

– Já hún missti fóstrið um jólin.

– Missti Ester?

Petersen rétti gleraugun upp og snéri sér að Susanne.

– Já, á annan í jólum. Henni byrjaði að blæða hérna frammi á gangi.

– Meðan hún var í vinnunni? Hvað gerðist?

– Hún stóð frammi og kallaði á hjálp. Klukkan var rúmlega níu.

Hún leit á úrið sitt og síðan upp í loftið.

– Hún vildi sjálf þrífa upp eftir sig, en hún var stoppuð af. Meira veit ég ekki. Jú, hún lá á A1 í einn eða tvo daga.

Vatnið rann enn. Petersen hallaði sér fram og skrúfaði fyrir vatnið.

– Það var ekki nógu gott, sagði hún. – Þetta er hræðilegt fyrir hana. Jæja.

Hún snéri sér við og fór. Susanne stóð áfram við eldhúsbordið. Síðan opnaði hún dyrnar og leit beggja vegna eftir ganginum, Hún labbaði að setustofunni og leit út um gluggann. Rétt áður en hún fór aftur inn í eldhús, sá hún að Petersen hafði skrifað matseðilinn á töfluna. Skrifin var smágerð og ferköntuð.

»Steikt flesk og ris alement«, stóð á töflunni.

⁸⁵ Her er det "ikke nogen normale mennesker" i originalen men jeg oversætter det til "ekki nokkur manneskja með viti". Laver dermed om til ental og taler om et menneske med fornuft. Dette er noget man ofte siger på islandsk, hvor der så menes et menneske der er normal.

Ester kom ekki aftur eftir frið. Susanne spurði forstöðukonuna hvað hefði gerst og fékk þær upplýsingar að Ester hefði sagt upp.

– Hún var að hugsa um að fara í einhvern skóla, sagði forstöðukonan. – Það var eftir þetta með fósturlátið.

Susanne kinkaði kalli. Hún var búin að vinna og var strax búin að skipta um föt. Húnn fann sjampólyktina úr hárinu á sér. Forstöðukonan sat með olnbogann á skrifborðinu og skoðaði vaktaáætlunina.

– Jæja, bless bless, sagði Susanne.

Þegar hún kom út á bílastæði sá hún Luffe koma gangandi. Hún stoppaði og beið eftir honum, á meðan hún gramsaði í töskunni sinni. Þegar hann kom nær henni, nikkaði hann til hennar og hélt áfram í áttina að innganginum.

– Skilaðu góðri kveðju til Esterar, sagði hún þegar hann var kominn framhjá.

Hann snéri sér við og kinkaði aftur kalli til hennar. Hún stóð þarna í smá stund með höndina ofan í töskunni, áður en hún gekk í áttina að hjólinu sínu.

Hún sá Luffe ekki meira á meðan hún vann á spítalanum. Hún gat heldur ekki ímyndað sér að hún ætti einhvern tíma eftir að vera í sambandi við Ester aftur.

7

Í mars fengu Susanne og Kim lánaðan gamlan Ford í ótiltekinn tíma. Bíllinn var í eigu bróður Kims sem var skipaður til starfa í Nýja Sjálandi. Susanne kærði sig ekki um að sitja við stýri. Hún hjólaði alltaf í vinnuna eða tók lestina ef það rigndi.

Kim notaði bílinn heilmikið. Hún vissi ekki hvert hann var alltaf að keyra. Stundum sagði hann að hann hefði verið niður við sjó en oft sagði hann ekkert.

Þegar hann vann vel, fór hann ekkert að heiman. Hann stóð ekki upp frá skrifborðinu fyrr en hún kastaði töskunni sinni á gólfið frammi í anddyri. Hún labbaði á móti honum í yfirhöfninni. Hann stóð í dyragættinni í svefnherberginu og brosti til hennar. Á skrifborðinu bak við hann var öskubakkinn fullur og kveikt var á skrifborðslampanum. Rúmteppið var vandlega breitt yfir rúmið. Hann hafði ekki legið í því. Á gólfinu lágu bækur. Efsti glugginn sem snéri út að garði var opinn og vindurinn blés inn um hann. Það blés köldu og moldarlykt lá í loftinu.

– Hæ, sagði hún.

– Hæ, sagði hann og röddin var rám og hlý. Hún smeygði sér bak við hann og ætlaði að skipta um föt og aflagaði rúmteppið. Hann lokaði glugganum. Líkami hans var þungur og notalegur. Síðan hélt hann áfram að vinna í nokkra tíma, á meðan hún hvíldi sig í sófanum. Svo eldaði hann kvöldmat. Hún lá í sófanum⁸⁶ og heyrdi í honum inni í eldhúsi. Hún teygði úr sér undir teppinu.

⁸⁶ Her indsætter jeg "í sófanum" fordi man på islandsk ikke kan tale om at "ligge og høre" på samme måde som i dansk. Man er nødt til at "ligge et sted". Derfor tilføjer jeg "í sófanum".

En á slæmu dögum var bíllinn ekki fyrir utan þegar hún kom heim úr vinnunni. Hún fór inn og tók blöðin og auglýsingabæklingana með inn í eldhús. Hugsanlega var pottur með uppþornuðum hafragraut á eldavélinni og hún bleytti upp í honum og fékk sér brauðsneið. Hún fór inn og lagðist í rúmið. Það var óumbúið og kalt. Hún sofnaði í öllum fötunum og vaknaði ekki fyrr en hann kom heim. Hún stóð á fætur og fór inn í stofu til hans. Hann bograði yfir matarborðinu og skoðaði debetkortakvittun.

– Hæ, sagði hún.

– Hæ, sagði hann og stundum lagði hún aðra höndina á bakið á honum.

– Slepptu því nú að vorkenna mér, sagði hann, og hún labbaði áfram í áttina að glugganum. Það var mikil umferð. Þegar maður opnaði gluggann og hallaði sér fram gat maður séð bílana á gatnamótunum. Maður heyrði alltaf í þeim, nema frá garðinum. Einhverra hluta vegna. Hún lokaði glugganum aftur og fór fram til að flysja lauk. Hún kveikti á útvarpinu og hlustaði á fréttimar og veðrið.

Þau þurftu eiginlega ekkert á bílnum að halda, en þau voru orðin vön því að hafa hann. Um helgar keyrðu þau út úr bænum, norður eða stundum þvert yfir Sjáland. Þau stoppuðu við vatnið, héldu kyrru fyrir í bílnum og fylgdust með byggingu brúarinnar eða ferjunum sem lögðu að og frá.

Á meðan hlustuðu þau á tónlist. Hún vissi ekki hvað það var sem þau hlustuðu á. Þegar Kim gerði athugasemdir varðandi tónlistina, kinkaði hún hægt kalli eins og hún skildi vel hvað hann ætti við, en væri bara annars hugar. Hann fór út að fá sér sigarettu. Áður en hún fór út á eftir honum tók hún kasettuna og las á hana, en oft varð hún engu nær. Hún setti hana fljótt aftur í segulbandstækið.

Kim sat á stórum steini og dinglaði fótunum. Reykurinn frá munni hans feyktist aftur fyrir hann og hvarf. Hann snéri andlitinu í átt að hálfbyggðri brúnni. Hann talaði aldrei sérstaklega um það, en slíkar byggingar vöktu áhuga hans. Það var fátt sem Susanne hafði minni áhuga á. Hún stóð beint fyrir aftan hann. Þegar hann blés reyknunum frá sér, dró hún djúpt andann.

– Á ég ekki að taka mynd af þér? sagði hún.

– Nei, alls ekki.

Hann snéri sér við á steininum.

– Það yrði nú samt flott mynd, með brúna í bakgrunn, sagði hún.

– Mér er alveg sama um þessa brú, sagði hann og stóð upp.

Rétt áður en þau komu að bílnum aftur lagði hann handlegginn yfir öxl hennar. Hann þrýsti henni alveg að sér. Þannig stóðu þau í smá stund. Þá fór hún að hugsa um annað skipti sem þau höfðu verið niður við sjóinn. Þangað hafði komið þýskt par og það setti flugdreka á loft. Konan hafði verið í gulum regnfrakka. Hlátur hennar hafði verið skær og hvellur í mótvindinum. Það var ótrúlega mikið rok. Maður heyrði varla í sjálfum sér tala. En hlátur konunnar heyrðist. Þau höfðu rætt þetta á heimleiðinni, hvernig það eiginlega hefði mátt vera. Þau höfðu einnig rætt um hvað fengi fullorðnar manneskjur til að setja flugdreka á loft.

– Þetta er ekkert annað en tilgerð, hafði Kim sagt. – Alveg eins og kvöldgöngur við þorpstjörnina og feluleikur.

– Ókei, sagði hún.

Stundum höfðu þau fundið skóg á kortinu og keyrt í áttina að honum. Þau óku eftir þröngum sveitavegi, í gegnum sveitaþorp sem hétu löngum nöfnum. Kim fannst gaman að velja leiðina. Hann fann leið áður en þau lögðu af stað og lærði hana svo á einhvern hátt utan að. Stundum pirraði hún sig á því að það þyrfti að plana allt. Hún krafðist þess að hann keyrði aðra leið. Hún bað hann um að stoppa í hinum ýmsu sjoppum og fór inn að kaupa sér súkkulaði og kók. Hún var ekkert að flýta sér í búðinni. Hún sá hann sitja úti í bílnum og tromma á stýrið. Þegar þau keyrðu áfram borðaði hún allt súkkulaðið, nánast án þess að bjóða honum nokkuð. Hún varð syfjuð og lokaði augunum. Þegar hann hélt að hún væri sofnuð, var hann ekki lengi að fara aftur inn á leiðina sem hann hafði ákveðið. Hann keyrði í áttina að skóginum sem þau höfðu planað að fara í. Hann lagði bílnum, en þá var hún öflug og nennti ekki að fara út. Hún var með brjóstsviða og vildi hvíla sig í aftursætinu.

– Sofðu vel, sagði hann og labbaði af stað, en þegar hann hvarf henni úr augsyn á skógarstígnum, varð hún hrædd og hljóp á eftir honum.

– Ætlaðir þú ekki að leggja þig? sagði hann og hún hristi höfuðið, líka þegar hann spurði hvort hún hefði læst bílnum.

– Af því að þú ert náttúrulega með lyklana, sagði hún.

Svo urðu þau bæði að fara aftur til baka og læsa, áður en þau gátu haldið göngutúrnum áfram.

Þau gengu rösklega, líklega meira en tvo kílómetra, áður en þau töluðu saman aftur. Hann var alltaf aðeins á undan henni. Að lokum þoldi hún ekki hlaupastínginn lengur og kallaði á hann að hann ætti að hægja á sér. Hann nam staðar.

– Segðu bara að ég sé að labba of hratt, sagði hann.

– Það er nú það sem ég er að segja, sagði hún mäsandi.

– Þetta er ekkert stríð, er það, sagði hann.

Hann rétti höndina til hennar, eins og hann vildi draga hana til sín. Hún tók í höndina. Þau héldu áfram. Hún var sveitt undan ullarpeysunni. Hann strauk hálsinn á henni. Þá fylltist hún kjarki.

– Hvað erum við eiginlega að fara að gera? sagði hún.

Hann færði höndina. Kannski breytti það engu.

– Erum við að fara að gera eitthvað? sagði hann, en þegar hún ætlaði að fara að spyrja nánar út í svarið, nennti hann ekki.

– Stundum vakna ég á nóttunni af því ég anda ekki, sagði hann einn daginn þegar þau sátu í bílnum á bílastæði við hraðbrautina. Hún var upptekin af því að leita að vasaklút í töskunni sinni. Hún hafði óvart gleypst lítið skordýr og hafði fengið tár í augun af hósta.

– Nú, þá er það nú gott að þú vaknar, sagði hún og þurrkaði sér um augun, vasaklúturinn varð svartur eftir maskarann og ljósbrúnn eftir andlitsfarðann. Það hafði verið ætlunin að þau færu á sjávarréttastað, en henni fannst hún vera sjúkuð og uppgefin og vildi helst fara heim. Hann féllst strax á það, þau höfðu keypt hvítvín og fiskstykki á bensinstöð á heimleiðinni.

Eitt sinn⁸⁷ hafði hann keyrt í burtu og sofið í bílnum yfir nótt. Þau höfðu ekki rifist eða neitt komið upp á áður en hann fór. Hann hafði bara sagt að hann þyrfti að skipta aðeins um umhverfi. Hann hafði setið við borðið í eldhúsinu og borðað haframjöl með mjólk í lok dags einn föstudaginn.

– Hvers konar breytingu áttu við? hafði hún sagt.

– Það verður bara eitthvað nýtt að gerast, sagði hann.

Sjálf ætlaði hún að heimsækja stóra bróður sinn, og Kim ætlaði þá að keyra hana á lestarstöðina og halda sjálfur áfram á bílnum. Hann ætlaði að keyra vestur. Meira gat hann ekki sagt. Hann ætlaði að taka sængina sína með og sofa í bílnum.

– Þú gætir nú líka bara komið með til Torbens og Jane, sagði Susanne. – Það væri allavega smá tilbreyting.⁸⁸

– Nei. Ég nenni ekki einhverju fjölskyldustússi núna.

– En þá gæti ég farið með þér. Við gætum bæði sofið í bílnum.

Það var ekki vegna þess að hún væri eitthvað sérlega spennt fyrir tilhugsuninni um kaldar, rakar sængur og ömurleikanum á dimmu bílastæði.

– Nei. Ég vil vera einn.

– Allt í lagi.

Hún gekk að vaskinum og skellti glasi harkalega á borðið. Hún skrúfaði frá, lét vatnið renna af fullum krafti.

– Þú getur bara sagt Torben eins og er, sagði Kim.

– Ég hafði heldur ekki hugsað mér annað, sagði hún.⁸⁹

Vatnið rann beint á skeið ofan í vaskinum og skvetti upp á treyjuna hennar. Hún klæddi sig úr henni og lagði hana yfir stólbakið.

– Mér finnst þetta skrytið, allt saman, sagði hún.

– Þú getur verið á bílnum alla næstu viku, sagði hann.

– Það myndi svo sem henta mér ágætlega, sagði hún.

Hún notaði bílinn ekki nema bara mánudag og þriðjudag. Hún fór á honum í vinnuna. Á næturnar vaknaði hún oft með sting í maganum vegna tilhugsunarinnar um væntanlegan akstur. Hún hafði alls enga reynslu í að keyra bíl innanbæjar. Það fór alveg með hana. Hún þurfti að nota alla sína krafta til að stýra í hringtorgi. Og þegar hún nálgast grænt ljós á gatnamótum keyrði hún til skiptis löturhægt eða glæfralega hratt. Hún hafði ekki tilfinningu fyrir því hvort hún næði að fara yfir eða ekki. Ljósíð náði nánast alltaf rétt svo að skipta yfir í rautt. Þá snarhemaði hún og endaði með framhluta bílsins á gangbrautinni.

Hún ákvað að hún ætlaði hjóla á miðvikudagsmorguninn. Hún velti fyrir sér hvað hún ætti að segja við Kim og ákvað að vera heiðarleg. En það reyndist ekki nauðsynlegt. Þegar hún sagðist ætla að skilja

⁸⁷ I den danske tekst står der "en anden gang" men det er noget man ikke rigtig siger på islandsk. Det ville være underligt at skrive "eitt annað skipti" derfor bruger jeg bare "eitt sinn".

⁸⁸ Her går jeg glip af billedet med luft og luftforandring. Jeg kunne ikke komme på et andet tilsvarende billede på islandsk og blev nødt til at oversætte med "tilbreyting" (forandring).

⁸⁹ Her vender jeg sætningen lidt om og i stedet for at sige: "það hafði ég líka hugsað mér" skriver jeg: "ég hafði heldur ekki hugsað mér annað" da jeg mener den sidste sætning har den stærkeste betydning. Der er irritation i stemmen og irritationen skinner bedre igennem ved brug af den sidste sætning.

bílinn eftir heima, kinkaði hann bara kolli án þess að vilja vita ástæðuna. Hún lofaði sjálfri sér, að hún myndi aldrei setjast undir stýri aftur í stórborg.

8

Hún var spurð hvort hún væri til í að þjálfra nýtt starfsfólk í eldhúsið. Það var eins og nokkurs konar stöðuhækkun. Þrjár matráðskonur voru að hætta störfum og þess vegna þurfti að þjálfra þrjár nýjar.

Susanne var ekki til í þetta og hún gat ekki gefið neina ástæðu fyrir því.

– Það eina sem þú þarft að gera er að leyfa einni í einu að fylgja þér eins og skugginn⁹⁰ næstu þrjár vikurnar, sagði forstöðukonan. Hún hafði farið upp í morgunkaffinu og fengið sér sæti í eldhúsinu. Hún var með báða olnboga á borðinu.

– Ég veit varla hvað ég gæti annars gert við þær. Er þetta tómatsósa?

Forstöðukonan benti á glerskálina sem Susanne hélt á.

– Nei. Þetta er chutney. Það eru hrísgrjón í matinn⁹¹.

– Já já, fínt.

Forstöðukonan stóð á fætur. Hún var í sjúkrasokkum. Hún stakk höndum ofan í litlu vasana á sloppnum. Þær komust varla fyrir í vösunum. Hún gekk hægt yfir gólfíð. Hún skellti í góm.

– Bobboboij⁹², sagði hún og opnaði dyrnar.

– Já, bless, sagði Susanne.

Það var um miðjan maí. Hjúkrunarkonurnar margar hverjar þyrptust út á grasflötina fyrir neðan við hvert tækifæri. Yfir veturinn höfðu þær þeyst fram og til baka á milli bygginganna. Núna gengu þær hægt, í litlum hópum. Hvítu slopparnir flöksuðust innan um grænan gróðurinn. Sumum sjúklinganna var rúllað út og sátu þeir þá undir teppi með sólina í andlitið.

Hún horfði á þau⁹³ úr glugganum í búrinu með sleif í hönd. Vatnið rann. Ein hjúkrunarkonan hrasaði og tvær aðrar aðstoðuðu hana, hláturinn ómaði. Hún snéri sér að vaskinum og skolaði sleifina og teygði höndina aftur fyrir sig í hlaðinn vagninn. Á einum disknum voru gervitennur, nánast í felum undir matarleifum. Þetta var efri gómur. Hún stóð í skamma stund með diskinn í höndunum. Svo skóf hún gervitennurnar af disknum og í ruslatunnuna. Hún flýtti sér að henda hrísgrjónarestum og servíettum yfir. Eftir á sá hún eftir þessu og þurfti að teygja nánast allan handlegginn ofan í ruslatunnuna til að ná þeim upp. Hún þurrkaði þær og kom þeim til ritarans í afgreiðslunni.

⁹⁰ I den danske tekst bruges ordet "føl" (foland) som jeg vælger at erstatte med "skuggi" i overensstemmelse med islandske udtryk.

⁹¹ Her vælger jeg at bruge "í matinn" i stedet for at skrive "þau fá hrísgrjón" da det er mere almindeligt på islandsk.

⁹² Fidelidut betyder i virkeligheden ikke rigtig noget. Jeg bruger tilsvarende "bobboboij".

⁹³ Både patienterne og sygeplejerskerne. På islandsk skelnes der mellem "þau", "þeir" og "þær", dvs. hvis man på dansk taler om "dem" kan der være tale om mange kvinder, mange mænd eller begge dele, men der skelnes imellem disse ting på islandsk. Her er der tale om både mænd og kvinder.

Hún sagði Kim frá gervitönnunum sama kvöld. Hún sagði honum líka að hún ætti að þjálfa nýjar matráðskonur og að hún vildi það ekki.

– Ég skil það vel, sagði hann.

Þau fengu vín með matnum. Um morguninn hafði hann fengið upplýsingar um að honum hefði verið úthlutað háum styrk úr sjóði á Jótlandi. Það hafði komið honum á óvart. Hann hafði ekki reiknað með að fá neitt. En hann hafði vonað, líka vegna þess að einn af gömlu framhaldsskólakennurum hans reyndist vera í nefndinni.

– Er það? sagði hún.

– Auðvitað. Þú ert búin að vinna þarna of lengi. Þú nennir ekki að vera ein af þessum gamalreyndu.

– Nei, það er sennilega rétt, sagði hún.

Hann hafði líka keypt þrjá nýja geisladiska og fjórar skáldsögur og orðabók, og hún velti því örstutt fyrir sér að þessir peningar yrðu nú ekki lengi að hverfa. En hún sagði ekkert. Hún hafði eldað kjúkling með salati.

– Það gæti verið að nú væri rétti tíminn fyrir þig að segja upp, sagði hann og lyfti glasinu.

– Kannski, sagði hún.

Dyrnar út í garð voru opnar í hálfá gátt. Enn var alveg bjart. Hún tók eitt eldhúsbréf og hallaði sér aftur í stólnum. Hún brosti til hans. Hann teygði sig í einn vænginn.

– Eigum við ekki að ganga í kringum vatnið á eftir? sagði hann.

– Núna? sagði hún.

Hann var í ljósu peysunni sinni. Hann skáldaði sögur um gervitennurnar á meðan þau gengu. Það brakaði undir fótum þeirra. Hjólréiðamenn þeystust fram úr þeim á miklum hraða. Hann tók utan um hana með öðrum handleggnum og rétti hina höndina ógnandi upp í loftið. Trén meðfram vatninu myrkvuðust smám saman eftir því sem þau gengu lengra í kringum vatnið. Hljóðin urðu dempaðri. Þetta var næstum því fimm kílómetra göngutúr. Þau höfðu drukkið tvær víNFLöskur áður en þau lögðu af stað. Hann talaði um húsin meðfram vatninu og möguleikann á að búa í einu slíku. Hún sagði að sá draumur yrði aldrei að veruleika. Hann varð reiður og sagði að hún vissi ekkert um það. Hún sagði að hann hefði rétt fyrir sér. Þú átt að hætta á þessum spítala, sagði hann, það er forheimskandi.⁹⁴ Sem er kjánalegt þar sem þú ert í raun frekar gáfuð. Takk, sagði hún, ég ætla að athuga hvað ég get gert.

Það var dimmt þegar þau komu heim.⁹⁵ Þau settust inn í stofu. Þau sofnuðu hvort í sínum enda sófans og vöknúðu allt of seint morguninn eftir. Susanne þaut út um dyrnar. Sama dag sagði hún upp.

Þegar hún var búin að ganga frá eftir morgunmatinn þvoði hún hendurnar vandlega, þurrkaði sér lengi og setti á sig handáburð. Hún tók lyftuna niður í kjallarann. Þar voru nokkrir sjúkrahússtarfsmenn sem voru að eiga við eitt sjúkrarúmið. Hún heilsaði þeim og hélt áfram. Hælarnir á skónum hennar smullu á steyptu gólfinu.

Forstöðukonan hallaði sér yfir skrifborðið og skráði uppsögnina hjá sér.

⁹⁴ "Forheimskandi" betyder at det gør én dum. Jeg kunne ikke finde et tilsvarende udtryk på islandsk.

⁹⁵ Her skriver jeg "koma heim" (komme hjem) fordi man på islandsk ikke kan sige at man låser sig ind. Hvis man derimod "læsir sig inni" på islandsk betyder det at man bliver låst inde og ikke kan komme ud.

- Þetta var skyndilegt, sagði hún.
- Nei, í raun ekki, sagði Susanne.
- Hvað ætlarðu þá að fara að gera?
- Það er sitthvað sem ég hef í huga.
- Jæja, þetta er þá skráð hjá mér.

Um leið og hún heilsaði sjúkrahússtarfsmönnum aftur fyrir framan lyftuna, sá hún eftir þessu.

Taktu þig taki, hvíslaði hún að sjálfri sér á leiðinni upp. Hún labbaði út úr lyftunni og inn á deildina.

Hún hafði oft gleymt því að hún væri á spítala. Þegar hjúkrunarkonurnar ráku nefið inn til að minna á sérstakt mataræði eða til að sækja klaka, leiddi hún stundum hugann að því: við hvað þær eiginlega ynnu? En svo heyrði hún afar ráma rödd hósta eða kalla á aðstoð. Eða sá inn um hálflokaðar dyr magran handlegg hanga út fyrir rúmstokkinn. Ekki það að sjúklingarnir væru allir svo ömurlegir. Það var mjög misjafnt. Þeir bestu voru þessar kasóléttu með sykursýki. Þær höfðu verið tvær. Þær voru glaðar og fullar eftirvæntingar. Þær stálust í að fá sér auka marmelaði og franskbrauð í eldhúsinu, brosandí, í geysilega stórum sloppum.

Þennan dag gleymdi hún því stöðugt að hún hefði sagt upp. Hún fór inn eftir ganginum að ná í viðgerðarmann til að hreinsa niðurfallið. Þegar hann lá undir borðinu í búrinu spurði hann hve lengi hún hefði unnið á spítalanum.

- Eitt og hálf ár núna⁹⁶, sagði hún. Og fékk smá í magann þegar hún sagði »núna«.
- Nú þannig að þú ert þá algjör græningi, sagði hann.
- Já, ég er það.

Hún opnaði gluggann. Úti var graslykt. Einn garðyrkjumannanna keyrði garðtraktorinn sinn í fallegan boga yfir grasflötina.

– Ég er búin að segja upp, sagði hún við Kim. Hún stóð í dyragættinni með innkaupapoka í höndunum. Klukkan var fjögur.

Hann reisti sig aðeins upp í sófanum.

– Gerðirðu það? sagði hann. – Ertu búin að segja upp?

– Já.

– Frá hvaða tíma?

– Eftir sumarfríð. Þegar ég fer í sumarfrí, þarf ég ekki að koma aftur.

Hún fór fram í eldhúsið og tæmdi úr pokunum á borðið. Hárið var rakt. Inni í stofu settist Kim upp í sófanum. Hann kom fram og stóð fyrir aftan hana.

– Það var gott, sagði hann.

– Ég veit ekki hvað ég get svo farið að gera, sagði hún.

– Þú finnur út úr því, sagði hann.

Þau föðmuðu hvort annað. Hún fann að hann horfði niður á eldhúsborðið fyrir aftan hana. Hann ræskti sig.

⁹⁶ I denne sammenhæng kan "núna" godt betyde "indtil videre" og derfor valgte jeg at bruge det.

- Þú keyptir lundir, sagði hann.
- Þær voru á tilboði, sagði hún.
- En það var nú ekki það sem ég átti við, sagði hann.

9

Á síðasta vinnudeginum sínum hafði hún enn ekki sagt neinum á deildinni að hún væri að hætta. Hún hafði ekki ætlað sér að hafa orð á því. En svo höfðu Magrethe og tvær aðrar komið til að reykja og spjalla smá eftir hádegismatinn. Þær stóðu allan tímann með sígarettunum beint yfir öskubakkanum, tilbúnar að slá öskuna af.

– Það er gott að við megum fá okkur smók hérna hjá þér, sagði ein þeirra.

Það var út af þessu »hjá þér« sem Susanne sagði:

– Í dag er síðasti dagurinn minn.

– Nei, er það? sagði Magrethe.

Á sama tíma kom Petersen inn í eldhúsið, nartandi í skorpu og tilkynnti að:

– Það mætti halda að þau væru með krampa í handleggnum á stofu tólf.

– Þetta er síðasti dagur matráðskonunnar okkar, sagði Magrethe.

– Ég held líka að þetta verði minn síðasti, sagði Petersen. – Þau hringja eins og brjálæðingar.

Það var alveg rétt, bjöllurnar hringdu út í eitt frammi. Slegið var af sígarettunum og glugginn var opinn upp á gátt, hjúkrunarkonurnar hurfu fram á hlaupum eftir nokkur »Gangi þér vel, en við sjáumst nú örugglega áður en þú ferð« og »Hafðu það svo gott«. Um leið og dyrnar lokuðust, opnuðust þær aftur og Petersen stakk höfðinu inn um dyragættina.

– Og hvað ber svo framtíðin í skauti sér? sagði hún.

Hún var enn að narta í skorpuna sína, hratt og örugglega.⁹⁷

– Fyrst ætlum við til útlanda, sagði Susanne.

– Jæja, sagði Petersen. – Einhvers lands sem maður þekkir?⁹⁸

– Það er ég ekki viss um, sagði Susanne.

Hún fór heim hálf tíma áður en vinnudagurinn var búinn, á meðan hjúkrunarkonurnar voru á fundi og það var rólegt á ganginum. Það var stranglega bannað að yfirgefa eldhúsið fyrr, en þar sem hún var hvort eð er að hætta, gat það varla breytt neinu.

Sem betur fer skein sólin næstu fjórar vikurnar. Í fyrstu sat hún í garðinum og hlustaði á útvarpið og réði krossgátur. En þegar hún varð leið á hitanum og fór inn, fann hún pírringinn í Kim yfir að hún væri að trufla hann í vinnunni. Hann var vanur að hafa stóran hluta dagsins alveg út af fyrir sig.

⁹⁷ Det danske ord er "effektivt" men det fungerer ikke at sige "áhrifamikið" her på islandsk og derfor bruger jeg "örugglega" som jeg mener godt kan sættes ind i stedet.

⁹⁸ Her tilføjer jeg "lands" fordi ellers ville sætningen ikke give mening på islandsk.

Svo fór hún að hjóla á hverjum morgni yfir í útisundlauginu. Hún lá í sólbaði á teppi á grasinu og las. Hún hafði nesti með sér og stundum keypti hún sér ís. Hún synti átta ferðir í hvert skipti sem hún fór út í vatnið og að lokum var hún komin í mjög gott form. Hún fann það á hjólatúrnum. Þegar hún kom heim var Kim búinn með verkefni dagsins og í dagslok fóru þau á bílnum á ströndina. Þau grillaðu á einnota grilli og drukku vín og vatn úr pappaglösum. Hann gróf hendurnar á henni niður í sandinn og kyssti hana á hálsinn.

En svo breyttist veðrið í byrjun ágúst. Hún vissi ekki hvað hún átti að gera eða hvar hún ætti að vera yfir daginn. Hún sat í stofunni og horfði á sjónvarpið með heyrnartól og læddist þegar hún þurfti á klósettið. Hún tók líka stundum strætó niður í bæ til að versla og eyddi miklum tíma við hverja hillu og öll tilboð. Þegar hún kom heim fór hún beint inn í eldhús án þess að heilsa. Það heyrðist ekkert í honum úr svefnherberginu.

– Af hverju segirðu ekki hæ? sagði hann svo innan úr svefnherberginu.⁹⁹

– Ég vildi ekki trufla.

– Þú truflar meira með því að segja *ekki hæ*.

– Ó, fyrirgefðu.

– Vertu ekki að biðjast afsökunar þegar þú meinar það ekki.

Fyrstu fimm vikurnar átti hún ekki rétt á bótum frá Atvinnuleysistryggingasjóðnum en síðan vildi hún ekki þiggja atvinnuleysisbætur. Kim skildi það ekki.

– Ég skil ekki að þú þurfir að vera svona stolt, sagði hann. – Þú hefur rétt á að fá þessar bætur.

– Ég vil standa á eigin fótum.

– Hvernig þá?

– Ég á smá pening eftir.

– En hvað svo þegar þeir eru búnir?

– Ég fæ mér aðra vinnu. Ég hef alltaf getað fengið vinnu.

– Þú ert svo helvíti smáborgaraleg að manni blöskrar¹⁰⁰ sagði Kim. En svo sagði hann ekkert meira.

– Við getum nú ekki öll lifað í draumaheimi eins og þú, sagði hún.

Hann hristi höfuðið hægt og lyfti bókinni upp fyrir andlitið með báðum höndum.

– Komdu aftur þegar þú hefur fengið málið, sagði hann.

– Og ég veit vel að þú ert ekki að lesa núna, sagði hún.

Hún fékk ræstingavinnu á einkaheimilum stuttu síðar. Hún hjólaði á milli átta mismunandi heimila á fjórum dögum og átti frí á föstudögum. Það hentaði henni ágætlega. Yfirleitt var enginn heima í íbúðunum þegar hún kom. Hún gat gengið um í sínum eigin heimi og ryksugað og þurrkað af og skúrað. Á mörgum staðanna var búið að setja smákökur og gos á borð fyrir hana. Peningarnir voru í umslögum eða á diskum í eldhúsinu. Allt í allt var hún að fá næstum jafn mikið og á spítalanum, svona þegar tekið var tillit til þess að hún átti einn vikulegan frídag. Það rétti líka efnahaginn hennar mikið af að hún hafði unnið næstum tuttugu og eitt þúsund

⁹⁹ Her tilføjer jeg "svefnherberginu" fordi "derindefra" kan ikke fungere godt nok på islandsk. "Þaðan" kunne muligvis fungere, men det virker underligt at sige sådan på islandsk.

¹⁰⁰ Det er ikke den direkte betydning, men en formulering jeg mener giver mere mening på islandsk.

í lottóinu.¹⁰¹ Hún sagði engum frá því heldur lagði peningana inn á sparireikninginn sinn og tók út af honum endrum og sinnum.

10

Í lok október hitti hún svo Ester fyrir tilviljun, niðri í bæ. Ester var að koma frá tannlæknum. Sjálf var hún nýsest á bekk til að borða nestið sitt áður en hún tæki lokasprettinn¹⁰², þriggja tíma þrif í gamalli lúxusbúð í næsta nágrenni.

– Nei sko, er þetta ekki Sússa sagði Ester skökk í framan. Hún slefaði örlítið út um annað munnvikið. Hún hafði fengið fyllingu í tönnina og deyfingin virkaði ennþá.

– Hvað ert þú að gera hérna?

– Ég er að fara að borða nestið mitt, sagði Susanne og Ester hló og hló með slefið í munninum. Hún virkaði yngri, kannski af því hún var með tagl.

Ester var aftur orðin ólétt. Susanne áttaði sig ekki á því fyrr en Ester dró bómullarkápuna til hliðar svo maginn sæist. Hún átti að eiga í lok desember og allt var eins og það átti að vera. Barnið sparkaði frá morgni til kvölds og Ester hafði ekki bætt á sig nema ellefu kílóum. Hún var ekki komin með neinn bjúg ennþá, hendurnar voru langar og grannar. Neglurnar í fallegum boga og lakkaðar í tveimur litum. Eftir að Ester hætti að vinna á spítalanum hafði hún farið á stutt námskeið í naglaásetningu. Hún hafði unnið um skeið hjá einhverri konu¹⁰³, en núna var hún bara heima og veggfóðraði barnaherbergið. Luffe var svo önnum kafinn. Hann hafði fengið aukavinnu við blaðaútburð um helgar.

Ester talaði og talaði. Susanne kláraði nestið sitt og stóð upp. Ester vildi endilega fá að koma með upp í lúxusbúðina svo þær gætu haldið áfram að spjalla á meðan Susanne þreif, en Susanne tókst að komast hjá því.

– Þetta er einn af þeim stöðum þar sem húsráðendur gætu komið heim á meðan ég er þar, sagði hún.

– Þá bíð ég bara eftir þér og verð hérna niðri þegar þú ert búin.

– Já, en... þetta tekur þrjá tíma.

– Ég fer bara og kaupi barnaföt á meðan. Ég þarf á því að halda eftir þessa pyntingu.

Ester benti upp í munninn á sér.

– Og svo fáum við okkur eitthvað að drekka, sagði hún.

– Ég er upptekin frá klukkan hálf sex, sagði Susanne.¹⁰⁴

– Já já, við verðum bara fljótar.¹⁰⁵ Ég bíð eftir þér niðri við dyrnar.

¹⁰¹ Beløbet i danske kroner fik lov at holde sig i oversættelsen. Læsere ville nok generelt være klar over at der ikke er tale om islandske kroner. Jeg tænkte også, at der pga. det store sving i kurserne på det sidste, kun ville skabe forvirring at omregne til islandske kroner.

¹⁰² Her indsætter jeg "lokasprettinn" fordi man ikke kun kan tale om "síðustu þrjá tímana" på islandsk.

¹⁰³ Her passer ikke at bruge ordet „kona“ på islandsk, der mangler et eller andet og jeg bruger derfor "hjá einhverri konu" (hos en eller anden dame) i stedet.

¹⁰⁴ På islandsk har vi ikke en pendant til det danske udtryk "at skulle noget". Jeg bruger derfor at hun er "upptekin" (optaget).

Íbúðin var uppi á þriðju hæð. Margóft á meðan Susanne þreif, gekk hún að glugganum og leit niður á götu. Hún gat ekki einbeitt sér að vinnunni. Hún var alltaf að labba fram og skoða sjálfa sig í speglinum eða stoppa og narta í nöglina. Nöglin var á bragðið eins og ræstilögur og hún spýtti henni út úr sér á gólfið og tók hana svo upp aftur. Síðan opnaði hún gluggann í stofunni og henti nöglinni út og gat svo ekki krækt glugganum almennilega á eftir. Það tók smá tíma. Síðan fann hún ekki ryksuguna. Hún leitaði á öllum þeim stöðum sem hún kunni við að leita á. Að lokum hringdi hún í vinnusíma konunnar sem bjó í íbúðinni. Bæði hún og maðurinn hennar voru hátt sett í tryggingafélagi. Susanne hafði aldrei séð þau. Hún hafði fengið starfið út frá meðmælum frá vinum þeirra, sem hún þreif einnig hjá.

Ryksugan var í viðgerð, svo hún þreif viðarþiljurnar í staðinn. Þegar hún kom niður á götu tíu mínútur í fjögur, sveitt en nývaralituð, stóð Ester vissulega og beið með nýja¹⁰⁶ leðurderhúfu. Hún var með stóru deri.

Susanne var í vinnufötunum. Gallabuxum og strigaskóm. Þær fóru í bakarí með litlu kaffihúsi, inni í litlum verslunarkjarna.¹⁰⁷ Ester pantaði tvær litlar kremkökur. Susanne fann borð alveg aftast og fékk sér sæti andspænis veggnum. Ester kom að borðinu og hélt á bakkanum ofan við útstæðan magann. Hún talaði og talaði á meðan hún tæmdi bakkann.

- Af hverju segirðu ekkert? sagði hún í miðri setningu. – Er eitthvað að?
- Nei. Ég er bara ekki alveg rétt klædd til að sitja hérna.
- Skítt með það, sagði Ester. – Nú fáum við okkur köku.

Susanne horfði á Ester á meðan hún talaði. Hún var ekki að hlusta allan tímann. Ester skiptist á að halla sér fram á borðið og halla sér aftur í stólnum. Tvisvar þagði hún og lyfti brúnum. Hún beið eftir svari frá Susanne. Susanne hafði ekki heyrt spurninguna og kinkaði hægt kalli. Ester hélt áfram að tala.

Það var líka hrikalegur hávaði í bakaríinu það hvísaði úr einhverri vélinni.¹⁰⁸ Bollar og skeiðar slógust saman, stólar voru dregnir yfir gólfið.

- Ég sagði: Hvað ertu að fara að gera klukkan hálf sex? sagði Ester.
- Við erum að fara að borða hjá bróður mínum.
- Gerið þið mikið af því?
- Nei, ekki þannig. Jú, kannski. Við förum að minnsta kosti út.
- Við förum aldrei neitt. Við erum alltaf heima og étum kjötkássu. Nú er ég nefnilega byrjuð að elda aðeins.

- Ertu góður kokkur?
- Það væri lygi að segja það. En mér fer fram.

Þær skiptu með sér reikningnum. Ester setti derhúfuna á sig og kraup framan við lítinn spegil við dyrnar. Þær voru samferða smá spöl þangað til Ester þurfti að beygja til hægri í átt að strætóbiðstöðinni.

¹⁰⁵ Þá íslensk taler man ikke om “en hurtig kop” derfor kan jeg ikke oversætte direkte.

¹⁰⁶ Þá íslensk taler man ikke om at noget er “nýkeypt” men det er nok at bruge “nýja”.

¹⁰⁷ Arkade er godt nok ikke helt det samme som et shoppingcenter. Det er en slags overbygget gågade, men en lignende betegnelse har vi ikke på íslensk. Det har ingen betydning for indholdet om det er i et shoppingcenter eller en arkade så derfor kan jeg lave det om.

¹⁰⁸ Her har jeg ikke taget med “et sted” fordi det ikke kan passe ind i den islandske tekst. Jeg mener ikke det har en vigtig betydning så derfor kan det godt udelades.

Áður en leiðir skildi það hún um að fá símanúmerið hjá Susanne, »því við verðum nú að halda sambandi núna«. Susanne skrifaði númerið með eyeliner á lítinn bréfsnepil. Hún vinkaði til Esterar þegar hún var sest upp á hjólið og farin af stað. Ester vinkaði á móti með stórum handahreyfingum.

Það var frekar hvasst. Hún hamaðist á pedölunum. Þegar hún beið á ljósum, blés hún frá sér og tæmdi lungun algjörlega af lofti. Það hjómaði eins og henni væri létt og hún hallaði höfðinu aftur.

Strax daginn eftir hringdi Ester. Hana langaði að bjóða Susanne með í sirkus sama kvöld. Luffe var of þreyttur til að fara út, þrátt fyrir að það hefði verið hann sem reddaði miðunum.

Susanne afþakkaði boðið. Ester tók svarið gott og gilt. Eftir þetta var léttara yfir samtalinu. Susanne spurði um tannfyllinguna og óléttuna. Ester sagði frá mörgum¹⁰⁹ vandamálum með móður sína og þær skiptust á reynslusögum. Samtalið varði meira en klukkutíma.

Næstu fjórtán daga hringdi Ester reglulega. Eitt sinn langaði hana að athuga hvort Susanne og Kim hefðu áhuga á áskrift að tímariti. Þau gætu fengið það með afslætti og þá myndi Ester fá gjöf í staðinn. Gjöfin var rafræn orðabók. Susanne vissi strax að þau hefðu ekki áhuga. Samt sem áður lagði hún tólið frá sér og fór inn í svefnherbergi til Kims.

– Auðvitað viljum við það ekki, sagði hann.

Ester varð ekkert móðuguð vegna svarsins.

– Mig langaði nú bara að bjóða ykkur þetta, sagði hún.

Síðan töluðu þær í næstum því einn og hálfan tíma um vandræði Esterar tengd litlu systur Luffe. Það varð líka smá hlé á samræðunum vegna þess að Ester þurfti að fara á klósettið, »maður er stöðugt hlaupandi«, og Ester kom móð og másandi aftur í símann og sagði að nú sæi hún Luffe stíga út úr bílnum niðri á götu, svo nú þyrftu þær víst að hætta.

Sem þær og gerðu.¹¹⁰ Susanne lagði tólið á og labbaði fram í eldhús til Kim.

– Það voru ekki mörg orðin sem þú gast komið að, sagði hann.

– Henni leiðist. Hún þarf á spjallinu að halda.

– Fyrir má nú vera.

– Það var hún sem hringdi. Þetta skiptir þig engu máli.

– Maður getur ekki átt mann sem heitir Luffe, sagði Kim.

– Ekki dæma fólk svona. Hann getur ekkert að því gert hvað hann heitir.

Tveimur dögum seinna hringdi Susanne sjálf í Ester. Það var á sunnudagseftirmiðdegi. En það var enginn heima svo Susanne skildi eftir skilaboð á símsvaranum. Að hún hefði hringt, en ekki viljað neitt sérstakt. Að hún myndi hringja aftur seinna.¹¹¹

¹⁰⁹ Her betyder "mörgum" det samme som "en række".

¹¹⁰ Dette betyder faktisk bare "hvilket de gjorde" og i den danske tekst står der "det gjorde de". Fungerer meget godt på islandsk i modsætning hvis jeg havde skrevet "það gerðu þær".

¹¹¹ Det danske "en anden gang" betyder her det samme som "seinna". "Seinna" og "senere" betyder derimod ikke det samme i denne sammenhæng.

Hún ímyndaði sér að Ester myndi hringja til baka seinna sama dag. En hún gerði það ekki. Hún hringdi heldur ekki á mánudeginum eða þriðjudeginum eða miðvikudeginum eða fimmtudeginum.¹¹² Hugsanlega hafði Luffe hlustað á skilaboðin og gleymt að koma þeim til skila. En það gat líka verið að þau hefðu farið í ferðalag í nokkra daga. Eða kannski virkaði símsvarinn ekki. Kannski beið Ester hreinlega eftir því að Susanne myndi virkilega hringja aftur. Sem hún var alls ekki viss um hvort hún myndi gera.

En svo á föstudagsmorgninum hringdi Ester. Hún var á leiðinni til ljósmóður svo samtalið var mjög stutt. Gætu þær hist á laugardaginn í kringum hádegi? Til dæmis í kaffiteriunni í verslunarmiðstöðinni, ef það væri í lagi. Klukkan tólf. Ester talaði hratt og án þess að hlæja.

Susanne hafði verið sofandi þegar síminn hringdi.¹¹³ Hún var hálf ringluð. Henni datt ekkert annað í hug en að segja að það væri í lagi. Hún stóð við¹¹⁴ gluggann með tólið í höndinni. Hún heyrði Kim labba inn í eldhús og skrúfa fyrir vatnið. Hún hugsaði með sér að ef þetta af einhverri ástæðu gæti ekki gengið upp, þá gæti hún alltaf hringt til baka.

- Við sjáumst þá, sagði Ester.
- Gengur allt vel? sagði Susanne.
- Barnið hefur það fínt. Allt annað er skítt.
- Hvað gerðist?
- Ég segi þér það á morgun. Ég vildi bara mæla mér mót við þig.¹¹⁵
- Allt í lagi. Já, það er í góðu lagi.
- Við sjáumst.

Það var um miðjan nóvember og það hafði rignt alla vikuna. Það rigndi og rigndi. Hún hafði orðið að fara með strætó á milli allra íbúðanna sem hún þreif. Það hafði tekið fjári langan tíma. Hún þurfti að vinna á tvöföldum hraða, svitinn hafði lekið af henni. Öll kvöld vikunnar hafði hún orðið þreytt fyrir klukkan níu. Hún hafði sofnað í sófanum og Kim hafði þurft að kalla oft á hana áður en hún gat drattast á lappir og farið inn í rúm. Þegar hún loksins var lögst í tvíbreitt rúmið var hún glaðvakandi. Hún lá bara og hlustaði á hann sofna¹¹⁶ og hvernig hann hætti stundum að anda.¹¹⁷ Hún ýtti við honum og hann snéri sér yfir á hliðina og hélt áfram að sofa. Hún sá glitta í svartan himininn á milli trjána tveggja úti í garði, beykitré og reynitré, skritin samsetning. Þegar það kom vindhviða, heyrði hún greinilega í regninu sem hamaðist á rúðunni. Hún velti fyrir sér hvernig regnið dyndi á yfirborði vatnsins nokkur hundruð metra í burtu. Ef hún hugsaði nógu lengi um það og um að hún sjálf lægi í algerri kyrrð náði hún að lokum fullri slökun og gat sofnað.

¹¹² Jeg tilføjer en bestemt artikel til ugedagene, bagvedstillet artikel. Det lyder bedre på islandsk.

¹¹³ Kan ikke bruge "legið og sofið", det er ikke islandsk. Derfor bruger jeg "hafði verið sofandi".

¹¹⁴ I den danske tekst står der at hun "stod foran vinduet", på islandsk står man "við" (ved) vinduet når man står indenfor men ikke udenfor.

¹¹⁵ På islandsk har man ikke samme brug af "aftale" som på dansk. Jeg bruger derfor at "mæla mér mót" i stedet.

¹¹⁶ Her tilføjer jeg "bara" fordi det er alt for 'dansk' hvis der kun stod "lá".

¹¹⁷ Her forstår jeg "vejrtrækningen, der kom og gik" som om han trækker vejret det ene minut og så lige pludselig holder op med at trække vejret i nogle sekunder. Denne forståelse har jeg fordi lidt tidligere i historien fortæller Kim om sine problemer med at trække vejret.

Hún hafði verið með sitthvað á dagskránni fyrir laugardaginn. Horfa á sjónvarpið og blunda inn á milli til dæmis. Ef til vill plata Kim út í göngutúr í rigningunni. Hún hafði ætlað að hringja í foreldra sína og í Torben og Jane og hugsanlega í mömmu Kims ef hún nennti¹¹⁸.

Hún gæti eflaust¹¹⁹ ennþá náð að hringja þegar hún kæmi heim einhverntíman seinnipartinn. Og kannski var það líka bara mjög gott að hún væri að fara út. Kim vildi helst vera heima og vinna.¹²⁰ Hann hafði eytt lunganum úr vikunni í ýmsar erindagjörðir úti bæ. Hann hafði verið á fundi hjá skattstofunni og hann hafði farið og látið taka af sér vörtu. Hann hafði líka farið með heilmikið af drasli í sorpgáminn.

Á hverju kvöldi við matarborðið hafði hann talað um verkefni næsta dags. Hann hafði verið í góðu skapi. Hann var mjög frjór í hugsun um þessar mundir og fékk fullt af hugmyndum. Susanne hafði grun um að hann fengi þessar hugmyndir einmitt af því að hann var svo upptekinn í öllu mögulegu öðru. Hún minntist ekkert á það. Einu sinni fyrir mörgum mánuðum hafði hún með gott eitt í huga stungið upp á því að hann fengi sér vinnu. Það hafði verið laust hálf dagsstarf á elliheimili í nágrenninu. Hann hafði haldið að hún væri að grínast og hlegið lengi. Hún hafði líka hlegið. Þau höfðu hlegið og hlegið. Þetta hafði verið um páska. Í eldhúsljósinu hafði hangið og dinglað gulur hænuungi. Hún vissi ekki hvaða hænuungi þetta var eða hvar hann væri nú niðurkominn.

Hún lagði regnhlífina saman á leið út úr lestinni og gekk eftir brautarpallinum og hélt þéttingsfast um töskuna sína með annarri höndinni. Henni var þegar orðið illt í fótunum. Svörtu leðurstígvélin voru of há og tærnar aðþrengdar. Klukkuna vantaði tíu mínútur í tólf. Hún stoppaði til að kynna sér brottfarartíma lestanna. Hún endurtók tímasetningarnar upphátt fyrir sjálfri sér, »sextán, þrjátíuogsex, fimmtíuogsex«, á meðan hún gekk í áttina að verslunarmiðstöðinni.

Ester var komin.

Hún sat við lítið borð alveg fremst.

Hún var í grænni flíspeysu og hárið var slegið. Það virtist dekkra. Fyrir framan hana var kókglas. Það var ósnert. Þegar hún sá Susanne glennti hún upp augun án þess að brosa.

– Hæ. Gott þú komst, sagði hún.

– Auðvitað.

– Susanne settist.

– Nei, ég held nú að ég fái mér einn kaffibolla, sagði hún og stóð aftur upp.

Hún beið í röð í dagóða stund. Fyrir framan hana var kærustupar sem beið eftir spínatbökunni sinni. Það var eitthvert vesen með örbylgjuöfninn. Hún sá aftan á Ester þegar hún snéri sér við. Ester hreyfði sig

¹¹⁸ Her har jeg brugt det islandske ord "nennti" som betyder "gider". Havde også tænkt på "orkaði" (orkede) men det virker for dansk.

¹¹⁹ "Eflaust" ligesom "vel" udtrykker ikke skråsikkerhed men snarere en tvivl.

¹²⁰ På islandsk fungerer det ikke at tale om at "sidde" og arbejde. Derfor har jeg valgt at oversætte "sidde og arbejde" til "vera heima og vinna". Man ved at han normalt sidder derhjemme og arbejder, derfor kan jeg tillade mig at tilføje "heima" (hjemme).

ekki. Hún labbaði til hennar með kaffið, fattaði svo að hún hafði ekki fengið mjólk útf, sótti mjólkurkönnuna, hellti í bollann og setti könnuna á sinn stað. Hún settist niður.

– Ætlaðu ekki að fá þér neitt að borða? sagði Ester.

– Nei. Ég er ekki svöng.

Svo sagði hvorug þeirra neitt. Susanne fékk sér sopa af kaffinu sínu og einn til viðbótar. Ester horfði niður á borðið.

– Hvað gerðist? sagði Susanne.

Ester hristi hausinn. Það var aðeins höfuðið sem hreyfðist.

– Þú hlýtur að vera búin að fatta það.

– Nei, ég átta mig ekki á því.

– Luffe er fáviti.

– Já, sagði Susanne, og bætti svo við:

– Nú?

Ester sýndi engin viðbrögð en hélt áfram að tala hægt:

– Hann hefur verið með annarri.

– Hverri?

– Einhverri úr aðaleldhúsinu.

– Æi ertu að meina það? Lengi?

– Ég veit það ekki. Það er búið núna.

– En það er þó allavega gott.

– Nei. Vegna þess að það var hún sem vildi ekki meira þegar ég varð ólétt. Hann er ennþá mjög ástfanginn af henni.

– Segir hann það?

– Já.

Svo sat Ester og horfði aftur niður á borðið án þess að segja neitt. Susanne drakk kaffi.

Einhversstaðar frá suðaði hátt, kannski tengdist það loftræstingunni í verslunarmiðstöðinni.

– Já, þetta er nú meira vesenið, sagði Susanne.

– Ég skil andskotann ekki hvað er í gangi í kollinum á honum, sagði Ester.

– Neihh.

– Og nú gæti ég ekki einu sinni hugsað mér að koma við hann með töng.

– Auðvitað ekki.

– En það versta er þessi hérna.

Hún klappaði á magann á sér. Susanne kinkaði kolli.

– Nú verð ég að sjá um þetta sjálf, sagði Ester.

– Já en hann er nú pabbinn, sagði Susanne.

Ester lyfti höfðinu og leit á hana.¹²¹ Hún var leið á svipinn.¹²²

¹²¹ Her bruger jeg "höfuðið" (hovedet) i stedet for "andlitið" (ansigtet). Bedre på islandsk på denne måde.

¹²² Her udtrykker den danske sætning "hendes mund var en streg i luften" at hun er ked af det, dvs. at man kan se det på hendes munds stilling, derfor bruger jeg "leið".

Hún glennti aftur upp augun, en enn án þess að brosa.

– Nei. Ég vil sko aldrei sjá hann aftur, sagði hún.

Höfuðið seig aftur niður.¹²³

– Hvað viltu þá gera? sagði Susanne.

– Það er það sem ég þarf að finna út.

– Svei mér þá.

Háværa suðið var yfirgnæft af ding-dong hljóði. Susanne snéri sér við. Það voru dyrnar að lyftunni sem opnuðust. Kona með uppsett hárið kom út. Hún stefndi beint í áttina að afgreiðsluborðinu og hallaði sér fram á borðið. Maðurinn hinum megin við rak upp hlátrasköll og konan hló líka.

Ester stóð upp til að fara á klósettið. Susanne kláraði kaffið sitt. Konan með uppsetta hárið fór bak við afgreiðsluborðið og hvarf í gegnum dyrnar. Stuttu síðar kom hún aftur með svuntu. Hún hellti kaffi úr síunni. Teygði sig upp á skáp til að ná í appelsínur. Ester kom aftur og stóð kyrr við borðið.

– Hvar keyptirðu stígvélin þín? sagði hún.

– Niðri í bæ. Í lítilli búð.

– Þau eru flott.

– Það er svolítið síðan ég keypti þau.

